



Innflutningur landbúnaðarvara frá Evrópusambandinu til Íslands:

Greining á misræmi milli gagna Evrópusambandsins og Íslands

Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Innflutningur landbúnaðarvara frá Evrópusambandinu til Íslands: Greining á misræmi milli gagna Evrópusambandsins og Íslands

Október 2023

fjr@fjr.is

<http://www.fjr.is>

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

©2023 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

ISBN 978-9979-820-91-8

Efnisyfirlit

Niðurstöður	8
1. Inngangur	13
2. Misræmi í innflutningsgögnum	14
2.1 Gögn og aðferðafræði.....	14
2.2 Viðskipti með landbúnaðarafurðir við ESB	16
2.3 Misræmi milli gagna Íslands og ESB 2010-2021.....	17
2.3.1 Misræmi í 2. kafla og 4. kafla	19
2.3.2 Misræmi í öðrum tengdum flokkum tollskrár	21
2.4 Helstu útflytjendur til Íslands innan ESB í köflum 2 og 4.....	23
2.5 2. kafla - kjöt og ætir hlutar af dýrum.....	27
2.5.1 Kjöt af dýrum af nautgripakyni 0201, 0202.....	29
2.5.2 Svínakjöt 0203.....	33
2.5.3 Kjöt og ætir hlutar af alifuglum 0207.....	35
2.5.4 Misræmi í 2. kafla eftir ríkjum	40
2.6 Fjórði kafla tollskrár, mjólkurvörur.....	45
2.6.1 Mjólk og rjómi 0401 og 0402	48
2.6.2 Ostur og ystingur 0406.....	49
2.6.3 Misræmi í 4. kafla eftir ríkjum	51
3. Samstarf	55
3.1 Samstarf við erlend tollyfirvöld	55
3.2 Gögn frá Hollandi.....	56
3.3 Niðurstöður samanburðar við Holland	57
3.3.1 2. kafla – kjöt og ætir hlutar af dýrum	57
3.3.2 2. kafla - skráning upprunalands.....	58

3.3.3	2. kafli – skráning í kafla tollskrár.....	61
3.3.4	Misræmi í 2. kafla.....	62
3.3.5	Misræmi í 4. kafla – mjólkurafurðir.....	62
3.3.6	4. kafli – skráning upprunalands.....	63
3.3.7	4. kafli – skráning tollskrárnúmera	64
4.	Ástæður misræmis.....	67
4.1	Misflokkun vöru.....	67
4.2	Rangur uppruni – Rotterdam-áhrifin	68
4.3	Kostur skipa og fríhöfn, eða umskipun (transit)	68
4.4	Tímatöf.....	69
4.5	Ólík túlkun samræmdrar tollskrár.....	69
5.	Tillögur til úrbóta	71
6.	Viðaukar.....	73

Myndaskrá

Mynd 1 Heildarinnflutningur Íslands frá ESB - kaflar 2 og 4.....	16
Mynd 2 Innflutningur Íslands frá ESB - 2. og 4. kafla sundurliðað.....	17
Mynd 3 Misræmi milli út- og innflutnings í 2. og 4. kafla.....	18
Mynd 4 Út- og innflutningur í 2. og 4. kafla, samtals í tonnum.....	18
Mynd 5 Hlutfallslegt vægi af samanlögðum innflutningi 2021.....	19
Mynd 6 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 2. kafla.....	19
Mynd 7 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 4. kafla.....	20
Mynd 8 Skráður útflutningur til Íslands og misræmi árið 2021.....	21
Mynd 9 Út- og innflutningur, vöruliður 1601.....	22
Mynd 10 Út- og innflutningur, vöruliður 1602.....	22
Mynd 11 Skráður útflutningur frá ESB til Íslands árið 2021 eftir útflutningsríki.....	23
Mynd 12 Skráður innflutningur til Íslands frá ESB árið 2021 eftir útflutningsríki.....	24
Mynd 13 Út- og innflutningur eftir útflutningsríki.....	25
Mynd 14 Misræmi á út- og innflutningi eftir ríkjum ESB.....	25
Mynd 15 Há-, lág- og miðgildi misræmis auk meðalútflutnings til Íslands eftir ríkjum ESB.....	26
Mynd 16 Misræmi milli út- og innflutnings í 2. kafla.....	27
Mynd 17 Út- og innflutningur, 2. kafla.....	28
Mynd 18 Heildarmisræmi í 2. kafla eftir tegund innflutnings.....	29
Mynd 19 Út- og innflutningur, vöruliður 0201 og 0202.....	30
Mynd 20 Út- og innflutningur á nautgripakjöti, undirliður 020130.....	31
Mynd 21 Út- og innflutningur á nautgripakjöti, undirliður 020230.....	32
Mynd 22 Misræmi milli út- og innflutnings á nautgripakjöti eftir undirliðum.....	33
Mynd 23 Út- og innflutningur á svínakjöti, vöruliður 0203.....	33
Mynd 24 Út- og innflutningur á svínakjöti, undirliður 020329.....	34
Mynd 25 Misræmi milli út- og innflutnings á svínakjöti eftir undirliðum.....	35
Mynd 26 Út- og innflutningur á kjöti af alifuglum, vöruliður 0207.....	36
Mynd 27 Út- og innflutningur á kjúklingakjöti, undirliður 020713.....	37

Mynd 28 Út- og innflutningur á kjúklingakjöti, undirliður 020714.....	37
Mynd 29 Út- og innflutningur á unnu kjúklingakjöti, undirliður 160232.....	38
Mynd 30 Misræmi milli út- og innflutnings á kjúklingakjöti eftir undirliðum.....	39
Mynd 31 2. kafli: Útflutningur Hollands og innflutningur Íslands.....	41
Mynd 32 Tilurð misræmis við Holland í 2. kafla, 2010-2021.....	41
Mynd 33 2. kafli: Útflutningur Danmerkur og innflutningur Íslands.....	42
Mynd 34 Tilurð misræmis við Danmörku í 2. kafla, 2010-2021.....	42
Mynd 35 2. kafli: Útflutningur Frakklands og innflutningur Íslands.....	43
Mynd 36 2. kafli: Útflutningur Þýskalands og innflutningur Íslands.....	43
Mynd 37 Tilurð misræmis við Þýskaland í 2. kafla 2010-2021.....	44
Mynd 38 Misræmi í kjúklingakjöti. Holland, Danmörk og Þýskaland 2010-2021.....	44
Mynd 39 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 4. kafla.....	45
Mynd 40 Út- og innflutningur, 4. kafli samtals.....	46
Mynd 41 - Misræmi í 4. kafla tollskrár eftir vöruliðum.....	47
Mynd 42 Út- og innflutningur á annarri mjólk og rjóma, undirliður 040299.....	48
Mynd 43 Misræmi í mjólk og rjóma (0401 og 0402) eftir undirliðum.....	49
Mynd 44 Út- og innflutningur á osti og ystingi, vöruliður 0406.....	49
Mynd 45 Misræmi milli út- og innflutnings í vörulið 0406 eftir undirliðum.....	50
Mynd 46 4. kafli: Útflutningur Danmerkur og innflutningur Íslands 2010-2021.....	51
Mynd 47 - Misræmi við Danmörku í 4. kafla eftir vöruliðum.....	52
Mynd 48 - 4. kafli: Útflutningur Hollands og innflutningur Íslands.....	53
Mynd 49 - Misræmi við Holland í 4. kafla eftir vöruliðum.....	53
Mynd 50 Sendingar frá Hollandi eftir rekjanleika.....	58
Mynd 51 2. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland?.....	58
Mynd 52 2. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland? Fjöldi tonna.....	59
Mynd 53 Ólík upprunaskráning, skráning á Íslandi, fjöldi.....	59
Mynd 54 Ólík skráning uppruna, tonn.....	60
Mynd 55 2. kafli: Skráning sendinga eftir köflum.....	61
Mynd 56 2. kafli: Skráning tonna eftir köflum.....	61
Mynd 57 4. kafli: Sendingar frá Hollandi eftir rekjanleika.....	62

Mynd 58 4. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland skráð?.....	63
Mynd 59 4. kafli: Rekjanlegar sendingar, sama upprunaland? Fjöldi tonna.....	63
Mynd 60 4. kafli: Skráning sendinga eftir köflum.....	64
Mynd 61 4. kafli: Skráning tonna eftir köflum.....	65
Mynd 62 4. kafli: Misræmi í skráningu í undirflokkum.....	65

Töfluskrá

Tafla 1 Uppbygging tollskrár.....	14
Tafla 2 Yfirlit yfir út- og innflutning í 2. kafla, í tonnum.....	28
Tafla 3 Yfirlit yfir tollkjör kjúklingakjöts í vörulið 0207 og 1632 án tollkvóta.....	39
Tafla 4 Yfirlit yfir út- og innflutning í 4. kafla samtals, í tonnum.....	46
Tafla 5 - Yfirlit yfir tollkjör osts og ystings í vörulið 0406 án tollkvóta.....	51

Niðurstöður

Verkefnið:

- Verkefni starfshópsins er að greina eins og frekast er unnt misræmi milli útflutningstalna ESB og innflutningstalna Íslands í köflum 2 og 4 í tollskrá. Tillögur til úrbóta byggja á þeirri greiningu.
- Nýtt voru gögn úr gagnagrunni Evrópusambandsins, Eurostat, fyrir tímabilið 2010-2021. Til að greina misræmið frekar fengust gögn frá hollenskum tollfyrirvöldum.
- Hafa þarf í huga að aldrei er það svo að skráður útflutningur á vörum hjá einu landi og skráður innflutningur í öðru landi stemmi alfarið og fyrir því eru margar ástæður. Athugun starfshópsins snýr ekki að því að stemma af hvert kíló heldur að kanna hvort finna megi kerfislægan mismun sem fellur utan eðlilegra skekkjumarka og í framhaldinu að reyna að finna mögulegar orsakir hans.
- Greiningin snýr ýmist að misræmi í kafla, vörulið eða undirlið tollskrár eftir því sem við á hverju sinni. Fyrir nánari útskýringar er vísað til umfjöllunar um aðferðafræði í kafla 2.1.

Umfang misræmis í 2. kafla (kjötvörur):

- Mikill vöxtur varð í skráðum útflutningi ESB til Íslands í 2. kafla á tímabilinu. Skráð voru ríflega 400 tonn árið 2010 en tæplega 3.000 tonn árið 2021.
- Allt tímabilið 2010-2021, að árunum 2018 og 2020 undanskildum, skráði Ísland meiri innflutning frá ESB en ESB sem útflutning til Íslands.
- Misræmi í tonnum var svipað við upphaf og lok tímabilsins og því hlutfallslega mun minna undir lok tímabilsins. Hlutfallslegt misræmi minnkaði jafnt og þétt yfir tímabilið. Það var um 30% af skráðum útflutningi ESB árið 2010 en um 4% árin 2020 og 2021.
- Misræmið skýrist að stærstum hluta af misræmi í undirlið 020714 (fryst kjúklingakjöt). Ísland skráði þar töluvert meiri innflutning en ESB útflutning nær allt tímabilið og nam misræmið t.a.m. 613 tonnum árið 2021, eða 50% af skráðum innflutningi í þeim undirlið.

Mögulegar ástæður misræmis í 2. kafla (kjötvörur):

- Hugsanlegar skýringar á misræmi í undirlið 020714 er annars vegar misflokkun í undirliði innan vöruliðar 0207 og hins vegar misflokkun milli kafla tollskrár. Það veur athygli að hluta tímabilsins skráir ESB meiri útflutning en Ísland innflutning í undirlið 020713 (kjúklingakjöt, nýtt eða kælt). Er því öfugt farið í undirlið 020714 þar sem Ísland skráir meiri

innflutning en ESB skráir sem útflutning. Það bendir til misflokunar innan vöruliðar. Langvarandi misræmi í undirlið 160232 (unnið kjúklingakjöt, fryst), þar sem ESB skráir meira magn til landsins, getur hins vegar stafað af misflokun milli kafla, þ.e. milli 020714 og 160232. Ekki er hægt að fullyrða út frá þeim gögnum sem fyrir liggja hvort samhengi sé á milli misræmis í þessum undirliðum en leiða má að því líkur að hluta misræmis megi rekja til misflokunar.

- Vert er að benda á að vegna mismunandi tollkjara í 2. kafla og 16. kafla getur falist fjárhagslegur ávinningur fyrir innflytjanda af því að flokka vörur frekar í 2. kafla.
- Einnig vakti athygli að ESB hefur skráð útflutning á nýju eða kældu nautgripakjöti, svínakjöti og kjúklingakjöti allt tímabilið sem til skoðunar var. Ísland skráði hins vegar ekki neinn innflutning til landsins í þessum undirliðum fyrr en eftir árið 2019 enda í gildi bann hér á landi við innflutningi á fersku kjöti fram til þess tíma.
- Flutningur fersks kjöts á milli landa í frystigámi er ein mögulegra útskýringa á misræmi milli undirliða 0207. Ef kjöt er ferskt við brottför og fryst á leiðinni er hugsanlegt að það sé skráð á ólíkum undirliðum á brottfararstað og komustað. Einnig er líklegt að kjöt skráð sem nýtt eða kælt í gögnum ESB fari í umflutning (transit) eða kost og sé því aldrei skráð inn til landsins. Gæti það skýrt hluta af misræminu.

Niðurstöður samanburðargreiningar við Holland í 2. kafla (kjötvörur)

- Greining á gögnum sem bárust frá hollenskum tollyfirvöldum leiddu í ljós að misræmið milli hollenskrar skráningar útflutnings til Íslands og skráningar þeirra sömu sendinga á Íslandi liggur fyrst og fremst í ólíkri upprunaskráningu. Gögnin benda til þess að meirihluti þess útflutnings sem skráður er frá Hollandi til Íslands eigi sér uppruna í öðrum ríkjum. Í miklum meirihluta tilfella er uppruninn önnur ríki ESB, að langstærstum hluta í Þýskalandi, og skapar það því ekki misræmi milli Íslands og ESB í heild. Einhver dæmi voru þó um að innflutningur ætti uppruna utan ESB og veldur ólík skráning í þeim tilfellum misræmi.
- Lítið misræmi virðist aftur á móti vera í skráningu í tollflokka. Samkvæmt greiningunni virðist nær allur útflutningur hljóta sömu skráningu í tollflokka alveg niður í sex stafa undirlið samræmdrar tollflokunar. Nær allur útflutningur er skráður undir sama undirlið og kafla.
- Greiningin miðast aðeins við þau gögn frá Hollandi sem fá samsvörun í íslenskum gögnum. Var það nær alfarið útflutningur í undirlið 020714 sem ekki tókst að stemma af við íslensk gögn.

Umfang misræmis í 4. kafla (mjólkurvörur):

- Í 4. kafla voru skráð ríflega 500 tonn árið 2010 en tæplega 1.900 tonn árið 2021 af útflutningi ESB til Íslands. Minni vöxtur var því í útflutningi ESB á mjólkurvörum en kjötvörum til landsins.

- Allt tímabilið hefur ESB skráð meiri útflutning á mjólkurvörum til Íslands en Ísland hefur skráð sem innflutning.
- Hlutfallslegt misræmi var 25% árið 2010 og fór mest í 35% árið eftir. Minnkaði misræmið síðan jafnt og þétt fram til ársins 2017 þegar það jókst að nýju og hefur legið á bilinu 25–35% frá árinu 2019.
- Ólíkt misræminu í 2. kafla er í 4. kafla ekki hægt að binda það eins sterklega við ákveðna tegund innflutnings, hvorki vörulið né undirlið.
- Mesta misræmið var að finna í vöruliðum 0402 (mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni) og 0406 (ostur og ystingur).
- Misræmi í vörulið 0402 er að nær öllu leyti bundið við einn undirlið árin 2019–2021, 040299 (önnur mjólk og rjómi). Misræmi í vörulið 0406 (ostur og ystingur) er einnig að mestu bundið við seinni hluta tímabils en misræmi var þar mest árin 2019 og 2021 í þremur undirliðum; 040610 (skyr og annar nýr ostur), 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) og 040690 (annar ostur). Einnig var að finna misræmi í vörulið 0409 (náttúrulegt hunang) þar sem misræmi var nokkurt árin 2013–2016 og síðan aftur árið 2021.

Mögulegar ástæður misræmis í 4. kafla (mjólkurvörur):

- Misræmi í vörulið 0402 má rekja til undirliðar 040299 en þar sem starfshópurinn fann ekki sambærilega aukningu í öðrum undirlið í 4. kafla í innflutningsgögnum Íslands virðist ekki um misskráningu innan kafla að ræða. Ekki er auðvelt að átta sig á um hvaða vörur ræðir út frá þeim gögnum sem fyrir liggja þar sem undirliðurinn er tiltölulega óskilgreindur og leiddi athugun starfshópsins á öðrum skyldum köflum ekki til þess að skýring myndist á misræminu.
- Misræmi í vörulið 0406 reyndist hvorki kerfisbundið né langvarandi yfir tímabilið. Misræmi var þó nokkurt í undirliðum og oft með öfugum formerkjum. Bendir það til misflokunar í undirliði undir vörulið 0406 og er það í samræmi við niðurstöður greiningar á gögnum frá hollenskum tollfyrirvöldum. Slík misflokun er ekki til þess fallin að hafa áhrif á tollkjör við innflutning og því enginn hagrænn hvati að skrá í rangan undirlið vöruliðarins.

Niðurstöður samanburðargreiningar við Holland í 4. kafla (mjólkurvörur):

- Greining á gögnum sem bást frá hollenskum tollfyrirvöldum leiddi í ljós að skráð upprunaland er í flestum tilfellum það sama, þ.e. Holland, eða í 90% tilfella. Ólík skráning upprunalands er því ekki uppspretta misræmis í 4. kafla.
- Hins vegar er mikill meirihluti sendinga ekki skráður eins niður á undirlið. Í þeim tilfellum skráir Holland í undirlið 040690 (annar ostur) en Ísland skráir í undirlið 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) eða 040620 (hvers konar rifinn eða mulinn ostur).

Aðrar mögulegar ástæður misræmis:

- Greining á gagnagrunnum Eurostat sýndi dæmi um Rotterdam-áhrifin, þ.e. í mörgum tilvikum var um að ræða meiri útflutning Hollands til Íslands í hollenskum gögnum en var hægt að finna stað í íslenskum gögnum um innflutning frá Hollandi. Greining á gögnum frá hollenskum tollfyrirvöldum leiddi þetta einnig í ljós en þar mátti finna fjölmörg dæmi þess að Holland hafi verið skráð sem upprunaland í hollenskum gögnum meðan önnur ríki eru skráð sem upprunaland í íslenskum gögnum.
- Í flestum tilvikum voru það önnur ESB-ríki og hefur ólík skráning því ekki áhrif á heildarmisræmi milli Íslands og ESB. Í einhverjum tilvikum var upprunaland skráð á Íslandi, þó utan ESB, og skapar það því misræmi milli skráningar ESB og Íslands.
- Í öðru lagi hefur umflutningur (transit) og kostur áhrif á misræmi milli landa. Almenn er kostur skráður sem útflutningur viðkomandi ríkis í samræmi við ákvörðunarstað en hins vegar kemur hvorki kostur né umflutningur fram í hagtolum viðtökuríkis. Veldur það óhjákvæmilega misræmi. Ekki eru til ítarleg gögn á Íslandi yfir þær vörur sem líklegar eru til að hafa farið í umskipun og kost og því ekki að hægt að áætla áhrif þeirra með nákvæmum hætti.
- Í þriðja lagi getur ólík tollframkvæmd milli ríkja valdið misræmi í hagtolum. Nýlegt dæmi um slíkt er yfirstandandi ágreiningur um tollflokun á mjólkurosti með viðbættri jurtaolíu. ESB og Íslandi ber ekki saman um hvar skrá skuli viðkomandi vörutegund og hafa þær verið skráðar á undirliði annars vegar í 4. kafla og hins vegar í 21. kafla.
- Greiningin leiddi einnig í ljós dæmi þar sem misræmi dróst saman þegar gögn fleiri ára voru lögð saman og bendir það til þess að tímatöf hafi orsakað misræmi, þ.e. að sendingar hafi verið skráðar beggja vegna við áramót. Dæmi þess efnis var einkum að finna við yfirferð á gögnum í 2. kafla.

Tillögur starfshóps til úrbóta:

- Að Skatturinn fylgist sérstaklega með þeim númerum þar sem mesti mismunur yfir tímabilið kom í ljós við samanburð gagna.
 - Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi undirliðum í 2. kafla, 020714 (fryst kjúklingakjöt, í sneiðum og hlutar), 020713 (kjúklingakjöt, nýtt eða kælt, í sneiðum og hlutar) og svo í 16. kafla númerið 160232 (unnið kjúklingakjöt, fryst).
 - Í 4. kafla, undir vörulið 0406 (ostur og ystingur), eru það undirliðir 040610 (skyr og annar nýr ostur), 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) og 040690 (annar ostur), og í vörulið 0402 (mjólk og rjómi), undirliður 040299.
- Kannaðir verði möguleikar þess að Skattinum verði gert kleift að nálgast innflytjendur og útflytjendur óformlega í uppbyggilegum tilgangi til að bæta gæði og skil tollskýrslna. Við núverandi lagaumhverfi er t.a.m. lítið

svigrúm fyrir tollyfirvöld til að kalla eftir gögnum frá innflytjanda eftir að tollafgreiðsla hefur farið fram án þess að hefja með því endurskoðunarmál.

- Kannaður verði fýsileiki þess að bæta gagnaöflun um umflutning (transit) til landsins. Skráning umflutnings væri til þess fallin að varpa ljósi á misræmi í gögnum tollyfirvalda en hefði enga gjaldalega þýðingu þar sem endanlegur ákvörðunarstaður er ekki hérlendis. Vega þyrfti ábatann af bættum hagtölum saman við þann kostnað sem slík breyting fæli í sér, bæði fyrir tollyfirvöld og atvinnulíf.
- Kannaðir verði möguleikar á að gera sérstaka gagnaskiptasamninga við helstu viðskiptalönd Íslands með það að markmiði að heimila tollyfirvöldum reglubundin gagnaskipti á upplýsingum úr inn- og útflutningsskýrslum sem nýtt verða til samanburðar á gögnum.
- Að tryggja áframhaldandi framþróun stafrænna lausna vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum, m.a. á grundvelli tollkvóta. Væri það til þess fallið að auka skilvirkni og bæta utanumhald og afgangsluhraða.

Að öðru leyti tekur starfshópurinn undir tillögur í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar¹ á tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða sem gefin var út í febrúar 2022.

¹ https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022_tollaframkvaemd-landbunadarafurda.pdf

1. Inngangur

Þann 21. janúar 2021 skipaði fjármála- og efnahagsráðuneyti starfshóp til að kanna umfang og tilurð misræmis milli magns í útflutningstölum úr gagnagrunni Evrópusambandsins (ESB) og innflutningstölum Íslands. Þer hópnum að líta einkum til ákveðinna tegunda landbúnaðarvara, þ.e. nautakjöts, svínakjöts, kjúklingakjöts og mjólkurafurða sem flokkast í 2. og 4. kafla í tollskrá.

Vinna hópsins er framhald af vinnu fyrri starfshóps sem skipaður var á haustmánuðum 2020. Var þeim hóp falið að kanna sama misræmi í útflutningstölum ESB og innflutningstölum Hagstofu Íslands en fékk til þess verks skamman tíma. Var niðurstaða hópsins að misræmi væri til staðar en að ítarlegri greiningar væri þörf til að meta tilurð þess og tækifæri til úrbóta.

Samhliða starfi starfshópsins var í gangi úttekt á starfsemi Skattsins við framkvæmd tollalaga á vegum Ríkisendurskoðunar skv. beiðni Alþingis. Athugun Ríkisendurskoðunar beindist að verklagi Skattsins við tollflokkun, eftirlit með tollskýrslum og aðra tollframkvæmd. Einn þeirra þátta sem Alþingi óskaði eftir að Ríkisendurskoðun kannaði sérstaklega var samanburður á tölum um útflutning búvara frá löndum ESB og Noregi og innlendum tölum um innflutning frá sömu löndum. Vinna Ríkisendurskoðunar átti því töluverða samleið með vinnu starfshópsins og fundaði hópurinn tvívegis með Ríkisendurskoðun um stöðu verkefnisins. Úttekt Ríkisendurskoðunar var birt í febrúar 2022.

Starfshópurinn er skipaður Óttari Snædal Þorsteinssyni frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem jafnframt er formaður starfshópsins, Auði Ólínu Svavarsdóttur frá Hagstofu Íslands, Bryndísi Eiríksdóttur frá matvælaráðuneytinu og Steinþóri Þorsteinssyni frá Skattinum.

Markmið starfshópsins er í grunninn þrjúþætt. Er honum ætlað að leggja mat á umfang misræmis í útflutningstölum ESB og innflutningstölum Íslands í fyrrgreindum tollflokkum, greina eins og frekast er unnt af hverju misræmið stafar og í framhaldi af þeirri greiningu að koma með tillögur til úrbóta með það að markmiði að bæta gæði tollskýrslugerðar og eftirfylgni tollafgreiðslu. Allt er til þess unnið að draga úr misræmi eða að öðrum kosti að auka gagnsæi þess af hverju það stafar.

2. Misræmi í innflutningsgögnum

Í þessum kafla verður fjallað um þau gögn sem notuð voru í greiningunni og aðferðafræðina við samanburð á gögnunum. Í framhaldi er fjallað um viðskipti með landbúnaðarafurðir við ESB og misræmi milli gagna Íslands og ESB árin 2010-2021. Þá kemur greining á misræmi í gögnum eftir ríkjum innan ESB sem helst flytja út til Íslands og að lokum ítarleg greining á misræmi í ákveðnum númerum tollskrár (vöruliðum og undirliðum) í 2. og 4. kafla tollskrár auk misræmis í gögnum eftir einstökum ríkjum innan hvors kafla fyrir sig.

2.1 Gögn og aðferðafræði

Til að nálgast samanburðarhæf gögn milli landa var sótt í gagnagrunn Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Gagnagrunnurinn heldur utan um gögn um vöruviðskipti ESB, umsóknar- og EFTA-ríkja sem hann fær send frá hagstofum ríkjanna sem þær hafa áður fengið frá sínum tollembættum.

Ákveðið var að einskorða rannsóknina við fyrstu sex tölustafi tollskrár, þ.e. undirliði tollskrár. Byggir sú ákvörðun á því að samningur Alþjóðatollastofnunarinnar frá 1988 gerir ráð fyrir sex tölustafa alþjóðlega samræmdri tollflokkin. Aðildarríkjum samningsins er hins vegar heimilt að innleiða tollskrár með fleiri tölustöfum til að ná fram nákvæmari tollflokkin, t.d. vegna álagningar gjalda, eftirlits með vörum sem háðar eru inn- eða útflutningstakmörkunum og öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjaviðskipti. Íslenska tollskráin er viðauki I við tollalög nr. 88/2005 og inniheldur tollskrárnúmer sem eru átta tölustafanúmer. Þar af eru fyrstu sex tölustafir íslensku tollskrárinnar í samræmi við tollnafnaskrá Alþjóðatollastofnunarinnar (e. World Customs Organization).

Tafla 1 Uppbygging tollskrár

2 tölustafir (01)	Kafla	WCO-samræmi
4 tölustafir (0101)	Vöruliður	WCO-samræmi
6 tölustafir (0101.01)	Undirliður	WCO-samræmi
8 tölustafir (0101.0101)	Tollskrárnúmer	Íslenskt tollskrárnúmer

Ákveðið var að einskorða rannsóknina við magn en ekki verðmæti vegna betri sambærileika þar sem verðmæti útflutnings er skráð sem FOB-verðmæti en

verðmæti innflutnings sem CIF-verðmæti². Ókostur þess að velja magn til samanburðar er að gjöld eru frekar lögð á verðmæti en magn og leggja tollfyrirvöld því almennt meiri áherslu á gæði upplýsinga um verðmæti en magn. Á móti kemur að á Íslandi er, auk verðtolls, oft einnig magntollur á innflutning á landbúnaðarvörum og því eru meiri líkur á að magn sé rétt skráð í slíkum tilvikum.

Starfshópurinn sótti í gagnagrunninn gögn um útflutning ESB-ríkja til Íslands og innflutning Íslands frá ESB-ríkjum fyrir 2. og 4. kafla í tollskrá árin 2010-2021. Einnig voru sótt gögn fyrir vörulið 1601, vörulið 1602 og 21. kafla að hluta. Bretland er talið með ESB allt tímabilið til samræmis en þar sem gagnagrunnur ESB inniheldur yfirleitt ekki gögn Bretlands fyrir árin 2020-2021 fengust þær upplýsingar frá bresku hagstofunni (ons.gov.uk)³. Til einföldunar er alltaf vísað til ESB.

Til að greina umfang misræmis er innflutningur Íslands frá ESB (innflutningsgögn Íslands í gagnagrunni Eurostat) dreginn frá útflutningi ESB til Íslands (útflutningsgögn ESB í gagnagrunni Eurostat).

Skráður útflutningur hjá ESB til Íslands – skráður innflutningur hjá Íslandi frá ESB = misræmi.

Hafa ber í huga að nær aldrei er það svo að skráður útflutningur á vörum hjá einu landi og skráður innflutningur á þeim hjá öðru landi stemmi alfarið og eru margar ástæður fyrir því. Í minnisblaði fyrri starfshóps voru þær ástæður listaðar upp og eru endurbirtar hér í viðauka 1 en af þeim má t.d. nefna misflokkingu, ólíka aðferðafræði og ferli vöru milli landa. Af þeim tæplega 800 inn- og útflutningstölum sem bornar eru saman milli ESB og Íslands, þ.e. hvert ár fyrir hvert vörunúmer þar sem viðskipti eru skráð, er það einungis sjö sinnum sem innflutningur skráður á Íslandi stemmir nákvæmlega við útflutning skráðan í ESB. Athugun starfshópsins snýr því ekki að því að stemma af hvert kíló heldur að kanna hvort finna megi kerfislægan mismun sem fellur utan eðlilegra skekkjumarka og í framhaldinu að reyna að finna mögulegar orsakir hans.

Í umfjöllun í skýrslunni er vísað í þau tvö gagnasöfn sem til skoðunar eru, þ.e. gögn Íslands í gagnagrunni Evrópusambandsins, Eurostat, og gögn ESB í sama gagnagrunni. Almennt er talað um skráðan útflutning hjá ESB til Íslands og skráðan innflutning hjá Íslandi frá ESB. Í einhverjum tilfellum er talað um gögn ESB og gögn Íslands og er þá átt við þessi tvö gagnasöfn.

² FOB (Free on board): verðmæti skráð án flutningskostnaðar í útflutningshöfn. CIF (Cost, Insurance, Freight): verðmæti komið til hafnar innflutningslands og því með flutningskostnaði.

³ Í nokkrum tilvikum voru gögnin í miklu ósamræmi við eldri gögn og í þeim tilvikum voru þau ekki notuð.

Í umfjöllun í texta er í einhverjum tilfellum notuð óformleg lýsing á vörum í ákveðnum númerum (undirlið) til að gera skýrsluna læsilegri. Í þeim tilfellum er vísað í ítarlegri lýsingu skv. tollskrá í neðanmálgreinum.

2.2 Viðskipti með landbúnaðarafurðir við ESB

Skráður innflutningur Íslands frá ESB á landbúnaðarvörum, þ.e. vörum í 2. kafla (kjöt og ætir hlutar af dýrum) og 4. kafla (mjólkurafurðir⁴) í tollskrá, hefur aukist mikið sem af er öldinni. Árið 2007 tók gildi tvíhliða samningur Íslands og ESB um tollfríðindi fyrir óunnar landbúnaðarafurðir sem fól í sér niðurfellingu tolla á ýmsar landbúnaðarafurðir í viðskiptum milli Íslands og ESB. Árið 2015 var samið að nýju og varð meginbreytingin sú að í nýja samningnum jókst til muna það magn á tollkvótum sem hægt var að flytja til Íslands. Samningurinn tók gildi 1. maí 2018 og var innleiddur í skrefum til ársins 2021.

Athygli vekur þegar litið er á þróun skráðs innflutnings Íslands frá ESB, í köflum 2 og 4 í tollskrá, að þrátt fyrir að innflutningur ríflega tvöfaldist frá árinu 2003 til ársins 2010 á mesta aukningin sér stað árin þar á eftir og alveg fram til ársins 2017, ári fyrir útvíkkun áður nefnds samnings við ESB. Innflutningur til Íslands árið 2021 hafði ríflega tífaldast að magni frá 2003 en hafði þó ekki aukist frá árinu 2017. Nokkur töf virðist vera á aukningunni frá gildistöku samninganna við ESB en fyrir því geta legið ástæður samningunum óviðkomandi. Mesta aukningin varð á árabílinu 2011-2017 samhliða endurreisn íslensks hagkerfis eftir fjármálahrunið og með tilkomu ferðaþjónustu sem burðaravinnuvegs, en samningarnir taka gildi annars vegar rétt fyrir bankakreppuna og hins vegar skömmu fyrir kórónuveirufaraldurinn.

Mynd 1 Heildarinnflutningur Íslands frá ESB - kaflar 2 og 4




Heimild: Hagstofa Íslands

⁴ Mjólkurafurðir, fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, óta.

Þegar 2. kafli (kjöt) og 4. kafli (mjólkurafurðir) eru aðgreindir sést að frá 2010 eykst innflutningur á kjöti mun meira en innflutningur á mjólkurafurðum. Aukningin er markverð í báðum vöruflokkum en frá árinu 2010 hefur innflutt magn kjötvara rúmlega fimmfaldast á sama tíma og innflutt magn mjólkurafurða hefur tæplega fjórfaldast.


Mynd 2 Innflutningur Íslands frá ESB - 2. og 4. kafli sundurliðað



Heimild: Hagstofa Íslands


2.3 Misræmi milli gagna Íslands og ESB 2010-2021

Samkvæmt tölum Eurostat um útflutning ESB til Íslands voru flutt 4.840 tonn af vörum til Íslands sem falla undir 2. kafla (kjöt og ætir hlutar af dýrum) og 4. kafla (mjólkurvörur) árið 2021 (Viðauki 2). Miðað við tölur um innflutning til Íslands í sama gagnagrunni voru hins vegar 4.446 tonn af þeim vörum flutt til Íslands (Viðauki 3), eða 394 tonnum minna (Viðauki 4). Misræmið nam því 8,1% af skráðum útflutningi ESB ríkja til Íslands árið 2021.

Mynd 3 Misræmi milli út- og innflutnings í 2. og 4. kafla

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Frá 2010 til 2017, að árinu 2012 undanskildu, var skráður innflutningur til Íslands af vörum úr 2. og 4. kafla tollskrár meiri en skráður útflutningur ESB-ríkja til Íslands. Munaði þar mest tæplega 10% árin 2015-2017. Frá árinu 2018 hefur dæmið hins vegar snúist við og hefur minna verið skráð inn í landið en sem nemur skráðum útflutningi ESB-ríkja. Mest var misræmið 15% árið 2018 en síðustu ár hefur það legið á bilinu 5-10% af skráðum útflutningi ESB-ríkja til landsins.

Mynd 4 Út- og innflutningur í 2. og 4. kafla, samtals í tonnum

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps


Í tonnum talið var misræmið mest 864 tonn árið 2018 en allt fram til ársins 2015 hélst það vel innan við 100 tonn hvert ár enda innflutningur mun minni. Árin 2015-2017 var skráður innflutningur Íslands frá ESB að meðaltali tæplega 300 tonnum meiri en skráður útflutningur ESB. Sem fyrr segir snerist misræmið við árið 2018

Þegar skráður útflutningur ESB varð meiri en skráður innflutningur á Íslandi og munaði að meðaltali tæplega 400 tonnum árin 2019-2021.

2.3.1 Misræmi í 2. kafla og 4. kafla

Líkt og sjá má á mynd 2, í kafla 2.2, hefur mun meira verið flutt inn frá árinu 2010 af kjötvörum en mjólkurafurðum frá ESB til Íslands. Árið 2021 var skráður innflutningur hjá Íslandi frá ESB í 2. kafla 70% af samanlögðum innflutningi í köflunum tveimur. Er hlutfallið nokkuð nærri meðaltali árána 2010-2021 sem er 74%.


Mynd 5 Hlutfallslegt vægi af samanlögðum innflutningi 2021



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Þrátt fyrir að útflutningur skráður af ESB til Íslands og innflutningur skráður á Íslandi frá ESB á kjötvörum (Viðaukar 5 og 6) sé meiri en af mjólkurafurðum (Viðaukar 8 og 9) er misræmið meira í mjólkurafurðunum, bæði hlutfallslega og í tonnum talið (Viðaukar 7 og 10). Frá árinu 2010 hefur misræmið heldur minnkað í kjötvörum en aukist í mjólkurvörum. Sjá má þróun annars vegar magns útflutnings til Íslands, eins og það er skráð af ESB, og hlutfallslegs misræmis hins vegar í köflunum tveimur á mynd 6 og mynd 7 hér að neðan.


Mynd 6 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 2. kafla



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Misræmi var um 30% árið 2010 þar sem meiri innflutningur á kjötvörum var skráður á Íslandi en útflutningur hjá ESB. Misræmið hefur minnkað jafnt og þétt frá þeim tíma og var árin 2020 og 2021 um 4%. Árið 2020 var 4% meira skráð hjá ríkjum ESB en á Íslandi en árið 2021 var því öfugt farið.


Mynd 7 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 4. kafla



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Misræmi hefur þróast með öðrum hætti í mjólkurvörum en í kjötvörum. Allt tímabilið hefur ESB skráð meiri útflutning á mjólkurvörum til Íslands en Ísland hefur skráð sem innflutning. Misræmið var 25% árið 2010 og fór mest í 35% árið eftir. Minnkaði misræmið síðan jafnt og þétt fram til ársins 2017 þegar það jókst að nýju og hefur legið á bilinu 25-35% frá árinu 2019.

Mynd 8 Skráður útflutningar til Íslands og misræmi árið 2021



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Er svo komið að þrátt fyrir að kjötvörur séu um 70% innflutnings í þeim köflum sem hér eru til skoðunar er misræmið að stærstum hluta að finna milli skráðs inn- og útflutnings mjólkurvara. Misræmið er ríflega fjórfalt meira í tonnum talið í 4. kafla en í 2. kafla en formerkin þar eru andstæð og dregur því úr misræminu ef misræmi kaflanna er lagt saman.

2.3.2 Misræmi í öðrum tengdum flokkum tollskrár


Við skoðun á misræmi í köflum 2 og 4 er óhjákvæmilegt annað en að líta til þess hvort einhverjar vörur sem ættu með réttu að vera skráðar þar séu skráðar í aðra skylda kafla tollskrár eða þá hvort vörur séu skráðar í 2. og 4. kafla sem eiga heima í öðrum skyldum köflum. Þótt ómögulegt sé að fullyrða um ranga skráningu út frá þeim gögnum sem fyrir liggja getur þróun misræmis í öðrum köflum gefið vísbandingu um mögulegar ástæður misræmis.

Kaflur 16⁵ tekur m.a. til unninna kjötvara og getur því haft tengingu við 2. kafla. Vöruliðirnir 1601⁶ og 1602⁷ (Viðaukar 11-13) eru þar líklegastir en innflutningur á vörum undir þeim liðum hefur aukist síðustu ár.

⁵ Samkvæmt tollskrá: *Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða úr skordýrum.*

⁶ Samkvæmt tollskrá: *Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum, blóði eða skordýrum, matvæli gerð aðallega úr þessum vörum.*


⁷ Samkvæmt tollskrá: *Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum.*

Mynd 9 Út- og innflutningur, vöruliður 1601

Heimild: Eurostat

Í vörulið 1601 var misræmi í gagnasöfnunum árin 2016-2021 að meðaltali 75 tonn. Skráður útflutningur hjá ESB til Íslands var meiri en skráður innflutningur hjá Íslandi. Misræmið var mest árið 2017 eða 99 tonn.

Magn viðskipta og misræmi er töluvert meira í vörulið 1602. Þar var skráður útflutningur frá ESB til Íslands einnig meiri en skráður innflutningur hjá Íslandi frá ESB.

Mynd 10 Út- og innflutningur, vöruliður 1602

Heimild: Eurostat


Misræmið var að meðaltali 467 tonn á tímabilinu sem til skoðunar er, mest árið 2019 þegar það var 669 tonn. Misræmi sem hlutfall af skráðum útflutningi hjá ESB til Íslands hélst á bilinu 57-79% fram til ársins 2020 þegar það var 49% og árið

2021 var það 42%. Innan vöruliðar 1602 var misræmið langmest í undirlið 160232⁸. Í samanburði við 2. kafla var misræmið því yfirleitt í aðra átt, þ.e. að í 2. kafla flutti Ísland almennt meira inn en ESB flutti út, nema árin 2018 og 2020, á meðan ESB flutti í vörulið 1602 meira út öll árin en Ísland flutti inn. Nánar er fjallað um þetta misræmi í kafla 2.5.3.

2.4 Helstu útflytjendur til Íslands innan ESB í köflum 2 og 4

Atkvæðamestu ríki ESB í útflytningi landbúnaðarvara (kaflar 2 og 4) til Íslands árið 2021 skv. útflytningstölum ESB voru Danmörk, Þýskaland og Holland (Viðauki 2). Hefur það verið raunin allt frá árinu 2010 eða eins langt aftur og gagnasafnið sem hér er til skoðunar nær. Danmörk hefur vermt efsta sætið í sex af síðustu tólf árum, Þýskaland í fjögur ár og Holland í tvö ár. Af öllum útflytningi sem ríki ESB skrá til Íslands var samanlagt vægi Danmerkur, Þýskalands og Hollands 83% árið 2021.

Mynd 11 Skráður útflytningur frá ESB til Íslands árið 2021 eftir útflytningríki




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Þótt svipuð mynd blasi við þegar litið er til skráðs innflutnings á Íslandi eftir ríkjum ESB (Viðauki 3) eru myndirnar áhugaverðar í því sem gerir þær ólíkar. Áfram eru það Danmörk, Þýskaland og Holland sem skipa þrjú efstu sætin en hlutdeild þeirra af heildarinnflutningi er þó mun minni, eða um 75%, og munar þar mest um að innflutningur frá Hollandi er mun minni í íslensku gögnunum en

⁸ Samkvæmt tollskrá: *Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum.: sem innihalda meira en 20%, til og með 60% (16023202) og meira en 60% (16023201) af tegundinni Gallus domesticus.*

gögnum ESB. Á það sérstaklega við um seinni hluta tímabilsins, en þess í stað er dreifingin meiri, þ.e.a.s. innflutningur frá öðrum ríkjum ESB er meiri í íslensku gögnunum en gögnum ESB. Verður ekki annað af því ráðið en að útflutningur sem skráður er frá Hollandi í erlendu gögnunum dreifist á fleiri lönd í innflutningsgögnum Íslands. Nánar er fjallað um misræmi í samanburði við Holland í kafla 2.5.4 og í kafla 3.3 þar sem finna má niðurstöðu greiningar á gögnum sem hollensk töllyfirvöld létu starfshópnum í té.


Mynd 12 Skráður innflutningur til Íslands frá ESB árið 2021 eftir útflutningsríki



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Lítill hlutfallslegur munur er á skráðum útflutningi Danmerkur og Þýskalands í gagnasettunum tveimur (Viðauki 4). Á árinu 2021 er skráður skv. innflutningsgögnum Íslands 4% minni innflutningur frá Danmörku en sem nemur skráðum útflutningi Dana og 7% meiri innflutningur er skráður á Íslandi frá Þýskalandi en skráður er í útflutningsgögnum Þýskalands. Eins og áður segir liggur munurinn helst í gögnum yfir útflutning Hollendinga til Íslands. Til Íslands er skráður 70% minni innflutningur frá Hollandi en Hollendingar skrá sem útflutning til Íslands, eða um 730 tonn, en á móti kemur að mun meiri innflutningur er skráður frá öðrum ríkjum.


Mynd 13 Út- og innflutningur eftir útflutningsríki



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Heildarmunur á skráðum innflutningi milli gagnasettanna tveggja nam 394 tonnum árið 2021 eða 8,1% af skráðum útflutningi ESB til Íslands líkt og fram hefur komið.

Mynd 14 Misræmi á út- og innflutningi eftir ríkjum ESB




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Niðurbrot á heildarmisræmi í köflum 2 og 4 árið 2021 leiðir vel í ljós sérstöðu Hollands í samanburðinum. Árið 2021 var, sem fyrr segir, nærri 730 tonnum meiri útflutningur landbúnaðarvara skráður til Íslands í Hollandi en innflutningur frá Hollandi skráður á Íslandi. Er það nærri tvöfalt meira en heildarmisræmið ef öll lönd eru tekin saman enda er tíðara að meiri innflutningur sé skráður frá ríkjum

ESB á Íslandi en útflutningur til Íslands í ríkjunum sjálfum. Mest munar um þau 219 tonn sem Íslendingar skrá frá Frakklandi umfram franska skráningu og 87 tonn sem Íslendingar skrá umfram Þjóðverja. Sem fyrr virðast gögnin benda til þess að útflutningur annarra ríkja til Íslands sé að einhverju marki skráður á Holland þótt erfitt sé að leggja mat á umfang slíkrar misskráningar. Nánari greiningu á því misræmi má sem fyrr segir finna í kafla 3.3 í skýrslunni.

Mynd 15 Há-, lág- og miðgildi misræmis auk meðalútflutnings til Íslands eftir ríkjum ESB



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Sérstaða Hollands er ekki bundin við árið 2021. Á mynd 15 má sjá há-, lág- og miðgildi misræmis í tonnum fyrir hvert ríki ESB árin 2010-2021. Í tilvikum flestra ríkja er munurinn lítil og lítið breytilegur milli ára og raðast gildi þeirra því við ásin sem markar ekkert misræmi. Mörg þeirra stunda enda lítil sem engin viðskipti með landbúnaðarvörur við Ísland en meðalútflutningur ríkjanna á tímabilinu sést á súlunum neðst á myndinni.

Sem fyrr er það Holland sem sker sig úr en miðgildi misræmis á tímabilinu er þar ríflega 500 tonn. Til samhengis má benda á að meðalútflutningur frá Hollandi til Íslands var tæplega 800 tonn á sama tíma. Líkt og fram hefur komið skráði Holland 729 tonn umfram Ísland árið 2021 en mismunurinn var mun meiri árin 2018-2020, á bilinu 1.180-1.235 tonn. Frá 2010-2021 er mismunurinn jákvæður, minnst 50 tonn árið 2010 en á bilinu 173-670 tonn árin 2011-2017. Holland hefur því í gegnum tíðina skráð meiri útflutning til Íslands en Ísland hefur skráð sem innflutning frá Hollandi.


Næstmesti mismunur árið 2021 er við Frakkland, -219 tonn, en árið 2021 sker sig nokkuð úr því þau ríki sem löngum hafa haft mikinn mismun við íslensku tölurnar, Þýskaland og Danmörk, komast varla á blað það árið. Hins vegar var Þýskaland með umtalsverðan neikvæðan mismun lungann af tímabilinu 2011-2020, mestan -638 tonn árið 2016, og Danmörk hefur í fimm skipti verið með umtalsverðan mismun, mestan -538 tonn árið 2019.

Athyglisvert er hversu mikill jákvæður mismunur hefur verið við Holland og hversu mikill neikvæður mismunur við Þýskaland og Danmörku. Líkt og fram hefur komið veltir það upp þeirri spurningu hvort hugsanlega sé innflutningur frá Hollandi ranglega skráður sem innflutningur frá Þýskalandi eða Danmörku hér á landi eða hvort útflutningur sem fer í gegnum Holland frá öðrum löndum sé ranglega skráður með Holland sem upprunaland í Hollandi. Þess ber að geta að áhrif Hollands (og Belgíu) á vöruviðskiptatölur vegna mikillar umskipunar þar í landi eru þekkt alþjóðlega og til er á þeim sérstök skilgreining. Rotterdam (Antwerpen) áhrifin: „*Hugtakið Rotterdam (Antwerpen) áhrifin er notað til að varpa ljósi á þá mögulegu bjögun sem orðið getur á opinberri tölfræði um milliríkjavíðskipti vegna rangrar skráningar vara sem fluttar eru gegnum helstu uppskipunarhafnir heims (eins og Rotterdam í Hollandi eða Antwerpen í Belgíu) á leið sinni til endanlegs áfangastaðar.*“⁹

2.5 2. kafli - kjöt og ætir hlutar af dýrum

Heildarinnflutningur í 2. kafla jókst mikið á því tímabili sem hér er til skoðunar en skráður innflutningur á Íslandi var árið 2021 ríflega fimmfalt meiri í tonnum talið en árið 2010. Misræmið jókst ekki að sama skapi á tímabilinu líkt og fram hefur komið. Árið 2021 var það 19 tonnum minna en árið 2010 og þar af leiðandi hríðféll hlutfallslegt misræmi á tímabilinu eins og sjá má á mynd 16. Nam það um fjórðungi heildarinnflutnings árið 2010 en síðastliðin tvö ár hefur það verið um 4% (Viðaukar 5-7).

Mynd 16 Misræmi milli út- og innflutnings í 2. kafla




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Á mynd 17 má sjá þróun skráðs útflutnings landbúnaðarvara í 2. kafla hjá ESB til Íslands annars vegar og skráðs innflutnings hjá Íslandi frá ríkjum ESB hins vegar.

⁹ Skilgreining Economic Statistics Centre of Excellence (escoe.ac.uk) í þýðingu starfshóps

Mynd 17 Út- og innflutningur, 2. kafli



Heimild: Eurostat

Allt tímabilið 2010-2021, að árunum 2018 og 2020 undanskildum, skráði Ísland meiri innflutning frá ESB en ESB sem útflutning til Íslands. Munaði þar á bilinu 119-474 tonnum, að meðaltali 283 tonnum. Misræmið var mest árið 2018, um 603 tonn, en það ár skráði ESB meiri útflutning til Íslands en Ísland innflutning (Viðauki 7). Í töflu 2 er að finna yfirlit yfir heildarút- og innflutning undir 2. kafla árin 2010-2021.

Tafla 2 Yfirlit yfir út- og innflutning í 2. kafla, í tonnum

	Útflutningur ESB til Íslands tonn	Innflutningur Íslands frá ESB tonn	Misræmi
2010	438	576	-138
2011	1.071	1.346	-275
2012	930	1.065	-135
2013	1.272	1.571	-299
2014	2.374	2.598	-224
2015	2.235	2.592	-357
2016	2.455	2.929	-474
2017	3.333	3.769	-436
2018	3.612	3.009	603
2019	3.231	3.603	-373
2020	2.951	2.835	115
2021	2.978	3.098	-119

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps


Árið 2021 var mestur út- og innflutningur skráður á eftirfarandi þrjá undirlíði (Viðaukar 17-19):

- 020329 (fryst svínakjöt)
- 020230 (nautgripakjöt, fryst, beinlaust)
- 020714 (fryst kjúklingakjöt, í sneiðum og hlutar)

Misræmið reyndist mjög ólíkt milli þessara undirliða. Misræmið í frystu og beinlausu nautgripakjöti (020230) var hverfandi, í frystu svínakjöti (020329) var misræmið 52 tonn, en í frystu kjúklingakjöti, í sneiðum og hlutum (020714), er misræmið afar mikið, eða 613 tonn sem er jafnframt langmesti mismunurinn í 2. kafla.

Árið 2021 var ekkert einsdæmi hvað þetta varðar og gefur góða mynd af uppruna misræmis allt tímabilið. Öll árin sem hér eru til skoðunar var mest misræmi í 020714, að undanskildu árinu 2018. Skýrir það þorra misræmis í 2. kafla allt tímabilið eins og glögglega má sjá á mynd 18 hér að neðan.

Mynd 18 Heildarmisræmi í 2. kafla eftir tegund innflutnings



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Líkt og fram hefur komið snýr athugun starfshópsins ekki að því að stemma af hvert kíló heldur að kanna hvort finna megi kerfislægan mismun sem fellur utan eðlilegra skekkjumarka.


Þótt misræmið í 2. kafla megi að mestu rekja til undirliðar 020714 var það einnig að finna í öðrum liðum kaflans. Hér að neðan er farið yfir einstaka vöru- og undirliði í 2. kafla í þeim tilgangi að greina hvar misræmið er helst að finna (Viðaukar 14-19).

Þegar samanburðurinn færir á undirliði getur reynst meira misræmi en í vöruliðnum sjálfum. Kemur það til vegna ólíkra formerkja misræmis undirliða sem nettast út þegar horft er á vöruliðinn í heild. Misræmi milli Íslands og ESB í undirliðum getur því að hluta verið tilkomið vegna skráningar í mismunandi undirlið undir sama vörulið.

2.5.1 Kjöt af dýrum af nautgripakyni 0201, 0202

Á mynd 19 má sjá þróun innflutnings á kjöti af dýrum af nautgripakyni, nýju eða kældu og frystu (vöruliður 0201 og 0202) í heild skv. skráðum útflutningi ESB til Íslands og skráðum innflutningi á Íslandi frá ESB.

Mynd 19 Út- og innflutningur, vöruliður 0201 og 0202




Heimild: Eurostat

Lítið misræmi er að finna í gögnum um innflutning á nautakjöti á tímabilinu. Allt fram til ársins 2016 hélst það innan við 50 tonn á ári en aðeins dró í sundur á síðari hluta tímabilsins. Misræmið fór þó aðeins einu sinni yfir 100 tonn, árið 2021, eða sem nemur um 15% af skráðum útflutningi ESB til Íslands.

Athyglisverðari mynd birtist þegar litið er á einstaka undirliði nautakjöts og ber þar helst að nefna undirlið 020130¹⁰ fyrir þær sakir að Ísland skráir þar engan innflutning allt fram til ársins 2020, og einungis örfá tonn árin 2020 og 2021, þrátt fyrir að ESB skrái útflutning til Íslands á sama undirlið allt tímabilið 2010-2021, að undanskildu árinu 2015 eins og sjá má á mynd 20.

¹⁰ Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt, beinlaust.

Mynd 20 Út- og innflutningur á nautgripakjöti, undirliður 020130



Heimild: Eurostat

Misræmið er því töluvert eða í raun allur skráður útflutningur frá ESB til Íslands á tímabilinu í þessum undirlið. Mest var það 119 tonn árið 2021 en nam einnig 87-90 tonnum árin 2011 og 2019. Það sem gerir misræmið athyglisvert er að fram til ársins 2019, frá árinu 1993, var í gildi bann við innflutningi á hráu kjöti og eggjum og fleiri vörum skv. lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Heimilt var þó að flytja inn umræddar vörur að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þar með talinni 30 daga frystiskyldu á kjöti. Var þessu banni og frystiskyldu aflétt með breytingum á áðurnefndum lögum sem samþykktar voru á Alþingi árið 2019. Ekki er útilokað að þegar frystiskylda var í gildi hafi ferskt kjöt keypt erlendis verið fryst ýmist á leið til landsins eða við komu til þess að uppfylla skilyrði um 30 daga frystingu. Má því velta fyrir sér hvort innflutningur á nýju, kældu nautakjöti sem ESB skráir til landsins hafi verið skráður undir öðrum undirlið í gögnum Íslands sem fryst kjöt. Það er þó ekki hægt að fullyrða það út frá gögnunum. Einnig gæti skráður útflutningur ESB á nýju kældu nautakjöti hafa farið í umskipun (transit) eða kost¹¹ og því ekki verið skráður inn til landsins.

Undirliðir 020220¹² og 020230¹³ taka báðir til frysts nautakjöts og finnst misræmi yfir 50 tonnum í þeim báðum á tímabilinu. Í undirlið 020220 var misræmið mun minna og náði einungis yfir 50 tonn árin 2017 og 2019. Árið 2017 nam misræmið 75 tonnum þar sem Ísland skráir meiri innflutning til Íslands en ESB skráir sem útflutning og árið 2019 var misræmið 58 tonn þar sem ESB skráir meira inn til

¹¹ Vörur fluttar í tollvörugeymslu, á frísvæði, umskipun, kostur skipa.


¹² Undir 020220 fellur kjöt af nautgripakyni fryst með beini, s.s. hryggir, hryggsneiðar, læri, lærissneiðar, bógar og bógbítar, mjöðm og mjaðmasneiðar, framhryggir og framhryggsneiðar og annað fryst kjöt.

¹³ Undir 020230 fellur kjöt af nautgripakyni, fryst, beinlaust, s.s. hakkað, lundir, hryggvöðvar, vöðvar af læri, vöðvar af mjöðm, vöðvar af framhrygg og herðablaði og annað fryst kjöt án beins.

landsins. Ekki er því að finna kerfislægt misræmi sem bendir til reglulegrar skráningar fersks kjöts undir þessum undirlið, sbr. umfjöllun hér að ofan.

Meira misræmi er að finna í undirlið 020230 en á mynd 21 má sjá hvernig innflutningur hefur þróast frá árinu 2010 skv. þessum tveimur gagnasöfnum.

Mynd 21 Út- og innflutningur á nautgripakjöti, undirliður 020230




Heimild: Eurostat

Þótt misræmið í undirlið 020230 hafi á tímabilinu legið í báðar áttir hefur oftast meira verið skráð á Íslandi en hjá ESB. Ekki er hægt að útiloka að misræmið hafi að einhverjum hluta verið tilkomið vegna skráningar fersks kjöts sem fryst var vegna frystiskyldu áður en það er sent til Íslands og þannig verið andstætt misræminu í ferska kjötinu. Erfitt er að fullyrða um slíkt en eins og sést á mynd 21 var áfram misræmi árið 2020 eftir að frystiskylda var afnumin. Það hafði þó minnkað frá árinu áður og var nánast ekkert árið 2021.

Á mynd 22 má sjá heildarmisræmi í út- og innflutningsgögnum yfir nautakjöt og sundurliðun eftir undirliðum. Eins og rakið hefur verið hér að framan er líklegt að hluta misræmis megi rekja til misflokunar innan vöruliða nautakjöts enda minnkar misræmið þegar þeir eru skoðaðir í heild.

Mynd 22 Misræmi milli út- og innflutnings á nautgripakjöti eftir undirliðum




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

2.5.2 Svínakjöt 0203

Innflutningur á svínakjöti (vöruliður 0203) í heild hefur aukist á tímabilinu, bæði skv. skráðum útflutningi ríkja ESB til Íslands og skráðum innflutningi Íslands frá ríkjum ESB.

Mynd 23 Út- og innflutningur á svínakjöti, vöruliður 0203



Heimild: Eurostat


Heilt yfir var ekki mikið misræmi á milli gagnasafnanna á tímabilinu. Misræmi var 83 tonn árið 2016, 64 tonn árið 2017 en árið 2018 jókst misræmið hins vegar talsvert og nam 209 tonnum þar sem ESB skráði meiri útflutning til Íslands, öfugt við árin tvö á undan. Ári síðar nam misræmið 219 tonnum og var í hina áttina, þ.e. Ísland skráði meiri innflutning til landsins en ESB sem útflutning til Íslands fyrir 0203 í heild. Þótt ekkert sé hægt að fullyrða um ástæður þess misræmis vekur athygli að það nær nettast út ef árin eru tekin saman og gæti ástæðan því legið í

tímatöf, þ.e. að sending hafi verið skráð beggja vegna við áramót. Misræmið dregst síðan saman árin 2020 og 2021 eins og sést á mynd 23.

Við greiningu á út- og innflutningsgögnum fyrir einstaka undirliði má sjá að ESB hefur skráð útflutning á svínakjöti, nýtt eða kælt, beinlaust (undirliður 020319¹⁴) öll árin sem til skoðunar eru (fyrir utan árin 2012 og 2021) en í litlu magni, mest 73 tonn árið 2017. Ísland skráði aftur á móti engan innflutning frá ESB í þessum undirliðum, að undanskildum þremur árum þar sem skráður var örlítill innflutningur, alltaf undir 17 tonnum. Misræmi er því til staðar öll þessi ár en í litlum mæli. Líkt og með nautakjöt var frystiskylda á svínakjöti fram til ársins 2020 og gætu sömu skýringar átt við og reifaðar eru í kafla 2.5.1.

Töluvert meiri innflutningur er skráður á frystu svínakjöti og langmest er skráð í undirlið 020329. Misræmi í gögnum um innflutning á vörum í þessum undirlið má finna öll árin á tímabilinu. Misræmið var undir 50 tonnum þar til árið 2016 þegar misræmið jókst í takt við aukinn innflutning eins og sjá má á mynd 24.


Mynd 24 Út- og innflutningur á svínakjöti, undirliður 020329



Heimild: Eurostat

Misræmið síðustu ár hefur gengið í báðar áttir og á heildarmisræmi vöruliðarins að mestu leyti uppruna sinn í þessum undirlið. Tvennt ber þó að hafa í huga þegar misræmi þessa undirliðar er metið. Annars vegar það að árin 2018 og 2019, þegar misræmið var mest, var það með andstæðum formerkjum hvort ár. Gæti misræmið því skýrst af tímatöf eins og áður var nefnt og nánar er útskýrt sem möguleg forsenda misræmis í viðauka 1. Annað sem gæti, að hluta, skýrt misræmið er skráning ESB á útflutningi fersks svínakjöts, þrátt fyrir frystiskyldu á Íslandi, til landsins sem skapar misræmi sem gengur í hina áttina í undirlið 020319. Er þar um að ræða algjörlega sambærilegan undirlið nema fyrir nýtt eða kælt kjöt.

¹⁴ Svínakjöt, nýtt eða kælt, með beini og beinlaust

Mynd 25 Misræmi milli út- og innflutnings á svínakjöti eftir undirliðum

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Þegar misræmi allra undirliða svínakjöts er lagt saman á mynd 25 dregst heildarmisræmi saman vegna andstæðra formerkja fersks og frysts svínakjöts. Misræmið hverfur síðan að mestu árin 2020 og 2021 eftir að frystiskyldan var afnumin en þó að ekki sé hægt að fella stóra dóma út frá tveimur árum er ekki ólíklegt að hluti misræmis í frystu svínakjöti skýrist af því að kjötið var upphaflega skráð ferskt en síðan fryst áður en það fór í dreifingu innanlands.

Af öðrum tengdum undirliðum svínakjöts innan 2. kafla¹⁵ og 16. kafla¹⁶ var ekki að finna kerfislægt misræmi á tímabilinu 2010-2021.


Heildarmisræmi í vörulið 0203 virðist skv. greiningu á gögnunum liggja í undirlið 020329 og 020319 en það dróst mikið saman árin 2020 og 2021.

2.5.3 Kjöt og ætir hlutar af alifuglum 0207

Á mynd 26 má sjá þróun innflutnings á kjöti og ætum hlutum af alifuglum, nýtt, kælt og fryst (vöruliður 0207) í heild, skv. skráðum útflutningi ríkja ESB til Íslands og skráðum innflutningi Íslands frá ESB.

¹⁵ Samkvæmt tollskrá: *Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig finnalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum: svínakjöt (undirliðir, 021011, 021012, 021019).*

¹⁶ Samkvæmt tollskrá: *Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum: úr svínum, læri og lærissneiðar (160241), bógur og bógsneiðar (160242) og annað, þar með taldar blöndur (160249).*


Mynd 26 Út- og innflutningur á kjöti af alifuglum, vöruliður 0207

Heimild: Eurostat

Heildarinnflutningur jókst á tímabilinu. Misræmi var til staðar öll árin 2010-2021 og í öllum tilfellum skráði Ísland meiri innflutning en ESB, að árinu 2018 undanskildu. Þá skráði ESB 315 tonn umfram skráningu Íslands. Innan vöruliðar 0207 var langmestur innflutningur á frystu kjúklingakjöti í sneiðum og hlutum (undirliður 020714¹⁷) og misræmið jafnframt langmest þar. Er það líkt og fram hefur komið meginorsök misræmis í 2. kafla.

Innan vöruliðar 0207 vakti undirliður 020713, nýtt, kælt kjúklingakjöt, einnig athygli en á mynd 27 má sjá hvernig út- og innflutningur hefur þróast á tímabilinu í þeim undirlið.


¹⁷ Kjöt og ætir hlutar af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus, sneiðar og hlutar, fryst.

Mynd 27 Út- og innflutningur á kjúklingakjöti, undirliður 020713

Heimild: Eurostat

ESB skráði útflutning til Íslands á vörum í þessum undirlið öll árin en á sama tíma skráði Ísland þar aftur á móti lítinn sem engan innflutning. Misræmið var 224 tonn árið 2018 og 245 tonn árið 2021. Þetta er svipað og kemur fram í umfjöllun um innflutning á nýju, kældu nautgripakjöti og svínakjöti en útflutningurinn á vörum í þessum undirlið er talsvert meiri og misræmið þar af leiðandi meira enda óheimilt að flytja inn ófryst kjöt allt fram til ársins 2020 og gætu því sömu skýringar átt við og reifaðar voru í kafla 2.5.1.

Fram hefur komið að langmest misræmi innan 2. kafla er að finna í frystu kjúklingakjöti (undirliður 020714). Á mynd 28 má sjá hvernig viðskipti með vörur í þeim undirlið hefur þróast á tímabilinu skv. skráðum útflutningi hjá ESB til Íslands og skráðum innflutningi hjá Íslandi frá ESB.


Mynd 28 Út- og innflutningur á kjúklingakjöti, undirliður 020714

Heimild: Eurostat

Öll árin skráði Ísland töluvert meiri innflutning en ESB útflutning, að árinu 2018 undanskildu. Misræmið var á bilinu 124-613 tonn ef frá er talið árið 2018 þegar misræmið nam 27 tonnum. Mest var misræmið árið 2021 þegar skráður innflutningur á vörum í þessum undirlíð dróst saman um rúm 35% frá fyrra ári skv. gögnum ESB en jókst um tæp 13% skv. gögnum Íslands. Misræmið nam 124 tonnum árið 2020 en 613 tonnum árið 2021. Misræmi í undirlíð 020713 var aftur á móti með öfugum formerkjum og má því velta fyrir sér hvort ESB hafi skráð kjúklingakjöt sem nýtt eða kælt en Ísland aftur á móti sem fryst. Ef sá munur var tilkominn vegna frystiskyldunnar útskýrir það þó ekki mismuninn árin 2020 og 2021.

Annað sem vakti athygli starfshópsins var misræmi í 16. kafla (Viðaukar 11-13), í undirlíð 160232¹⁸ en þar falla undir unnar kjötvörur af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus. Þróun innflutnings á vörum í þessu númeri skv. gagnasöfnunum tveimur má sjá á mynd 29.

Mynd 29 Út- og innflutningur á unnu kjúklingakjöti, undirlíður 160232




Heimild: Eurostat

Á öllu tímabilinu skráði ESB töluvert meiri útflutning til Íslands en Ísland sem innflutning. Misræmið var að meðaltali 333 tonn á tímabilinu, mest árið 2019, 549 tonn. Misræmið dróst mikið saman árið 2021 en skráður útflutningur ESB minnkaði um rúm 50% og misræmið nam því einungis 40 tonnum það ár. Á sama

¹⁸ Samkvæmt tollskrá: Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum: úr hænsnum af tegundinni Gallus domesticus: sem innihalda meira en 60% úr afurðum af tegundinni Gallus domesticus (1602.3201), sem innihalda meira en 20%, til og með 60%, af tegundinni Gallus domesticus (1602.3202), annað (1602.3209).

tíma jókst misræmi í undirlið 160239¹⁹ (annað unnið kjöt af alifuglum) og nam 350 tonnum árið 2021 en hafði einungis verið 44 tonn árið áður. Það virðist því vera að útflutningur frá ESB sem áður var skráður í 160232 hafi verið skráður í 160239 árið 2021. Misræmið var mikið á tímabilinu og vekur athygli að það er með öfugum formerkjum miðað við misræmið í undirlið 020714. Gæti það bent til þess að viðvarandi misskráning hafi verið á innfluttu kjúklingakjöti milli undirliða í 2. og 16. kafla.

Mynd 30 Misræmi milli út- og innflutnings á kjúklingakjöti eftir undirliðum



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Þegar misræmi þessara tveggja undirliða er lagt saman, líkt og sjá má á mynd 30, sést hve mikil samsvörun er á milli umframskráningar ESB í 020714 og umframskráningar Íslands í 160232. Við samlagninguna dregst misræmið verulega saman og styður það enn frekar þá kenningu að um sé að ræða ólíka skráningu milli ríkja á sömu vörum.

Tafla 3 Yfirlit yfir tollkjör kjúklingakjöts í vörulið 0207 og 1632 án tollkvóta²⁰

Tollskrárnúmer	Almennur tollur		Tvíhliða samningur Íslands og ESB	
	Verðtollur	Magntollur	Verðtollur	Magntollur
0207.1110	30%	603	18%	362
0207.1190	30%	603	18%	362
0207.1210	30%	439	18%	263
0207.1290	30%	439	18%	263
0207.1311	30%	499	18%	540

¹⁹ Samkvæmt tollskrá: Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum: sem innihalda meira en 60% úr afurðum af alifuglum ót.a. (1602.3901); sem innihalda meira en 20%, til og með 60%, úr afurðum af alifuglum ót.a. (1602.3902); annað (1602.3909).

²⁰ Tollskrárnúmer fyrir kjúklingalifur koma ekki fram í töflunni. Þau eru: 0207.1312, 0207.1322, 0207.1422.

0207.1319	30%	499	18%	263
0207.1321	30%	499	18%	540
0207.1329	30%	499	18%	263
0207.1411	30%	900	18%	540
0207.1419	30%	439	18%	263
0207.1421	30%	900	18%	540
0207.1429	30%	439	18%	263
1602.3201	30%	1144	#	#
1602.3202	30%	686	#	#
1602.3209	30%	686	#	#


Heimild: Tollakerfi Skattsins

Ísland og ESB hafa samið um úthlutun tollkvóta og lægri tolla fyrir evrópskar upprunavörur í vörulið 0207 en ekki hefur verið samið um úthlutun tollkvóta eða betri tollkjör fyrir kjúklingaafurðir í 16. kafla tollskrár. Hvað varðar tollflokkun á kjúklingakjöti má benda á að hreint og skorið kjúklingakjöt tollflokkast í 2. kafla tollskrár. Kjúklingakjöt sem unnið er umfram það sem heimilt er fyrir vörur í 2. kafla, t.d. kryddað, marinerað eða foreldað, getur hins vegar færst í 16. kafla. Samkvæmt vörulýsingu tollskrár skal vara sem inniheldur meira en 60% af Gallus domesticus (kjúklingakjöti) tollflokkast í tollskrárnúmer 1602.3201 en vara sem inniheldur 20-60% að tollflokkast í tollskrárnúmer 1602.3202. Ekki er hægt að útiloka fjárhagslegan ávinning af rangri tollflokkun eða skráningu á röngu magni. Í tillögum starfshöpsins til úrbóta er lagt til að innflutningur undir fyrrgreindum númerum fái sérstaka athygli tollyfirvalda, sjá kafla 5.

2.5.4 Misræmi í 2. kafla eftir ríkjum


Árið 2021 var mestur munur á gögnum Hollands og Íslands í 2. kafla, eða um 441 tonn (Viðauki 7), þar sem Holland skráði meiri útflutning en Ísland innflutning. Næstmesti munurinn var við Danmörku, eða 364 tonn, og var Frakkland í 3. sæti með 103 tonn. Ekki munaði nema 76 tonnum á gögnum Íslands og Þýskalands árið 2021 en þar var umtalsverður mismunur á tímabilinu 2011-2020. Andstætt muninum við Holland skráðu Danmörk, Frakkland og Þýskaland minni útflutning til Íslands en Ísland sem innflutning.

Athygli vekur hve hratt misræmið við **Holland** eykst þegar frá líður árinu 2010 (Viðaukar 20-22). Allt tímabilið 2011-2021 var mikill mismunur á tölum Hollands og Íslands í 2. kafla og skráði Holland alltaf meiri útflutning en Ísland innflutning. Mestur var mismunurinn árið 2018, 995 tonn, svo 938 tonn 2020 en mismunurinn var 441 tonn árið 2021.

Mynd 31 2. kafli: Útflutningur Hollands og innflutningur Íslands

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Mismunurinn við Holland í 2. kafla er að langstærstum hluta bundinn við fryst kjúklingakjöt, í sneiðum og hluta (020714), en eins og sést vel á mynd 32 er misræmi annarra undirliða nokkuð stöðugt yfir tímabilið og þróun heildarmisræmis nær einvörðungu bundin undirlið 020714.


Mynd 32 Tíluð misræmis við Holland í 2. kafla, 2010-2021

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Gögn sem hollensk tollýfirvöld létu starfshópnum í té varpa ljósi á líklegan uppruna þessa mismunar en miðað við gögnin stafar misræmið af því að útflutningur annarra ESB-ríkja, sér í lagi Þýskalands, sem fer í gegnum Holland er skráður í hollenskum tollgögnum sem hollenskur útflutningur. Nánar er fjallað um niðurstöður þeirrar greiningar í kafla 3.3.1.

Ef lítið er til **Danmerkur** (Viðaukar 23-25) snúast hlutirnir við og lungann af tímabilinu skráir Ísland meiri innflutning í 2. kafla en Danmörk skráir sem útflutning til Íslands. Munurinn er umtalsverður árin 2015-2021, mestur 875 tonn árið 2019. Hann var 748 tonn árið 2020 en fellur niður í 364 tonn árið 2021.


Mynd 33 2. kafli: Útflutningur Danmerkur og innflutningur Íslands



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Misræmi er að finna undir ýmsum undirliðum tollskrár í skráðum viðskiptum Íslands og Danmerkur. Líkt og hjá Hollandi er það mest í frystu kjúklingakjöti (020714) nema með andstæðum formerkjum, þ.e. meiri innflutningur er skráður á Íslandi en útflutningur til Íslands í Danmörku. Mest var misræmið þar ríflega 720 tonn árið 2020 en það var umtalsvert mest allt tímabilið. Ísland skráði einnig mun meiri innflutning af frystu nautgripakjöti (020230) árin 2018-2020, mest 233 tonn árið 2019, og af frystu svínakjöti (020329) árin 2016 og 2019, mest 427 tonn árið 2019. Þótt hluti af misræmi undirliða nettist út ef vöruliður er skoðaður í heild, t.a.m. skrá Danir töluvert umfram Íslendinga af fersku kjúklingakjöti (020713) til landsins þvert á frystiskyldu, er misræmið í kjúklingakjöti (020711-020714) engu að síður ráðandi, jafnvel þegar vöruliðurinn er skoðaður í heild, líkt og sjá má á mynd 34 hér að neðan.


Mynd 34 Tilurð misræmis við Danmörku í 2. kafla, 2010-2021



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Samanburður við **Frakkland** sýnir ekki ósvipaða þróun og samanburður við Danmörku þar sem mismunur eykst frá árinu 2010. Hér skráir Ísland meiri innflutning frá Frakklandi en Frakkland skráir sem útflutning til Íslands. Mestur er munurinn á árinu 2021 eða 103 tonn. Þótt misræmið hafi vaxið á tímabilinu var það lungann af tímanum vel undir 100 tonnum og því ekki gerð frekari skil hér.


Mynd 35 2. kafli: Útflutningur Frakklands og innflutningur Íslands



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Umtalsverður munur var á milli talna Íslands og Þýskalands (Viðaukar 26-28) í 2. kafla, árin 2011-2020, allt frá 104 tonnum árið 2020 upp í 657 tonn árið 2016. Það dróst saman frá árinu 2016 og var munurinn orðinn minnstur árið 2021, 76 tonn.

Mynd 36 2. kafli: Útflutningur Þýskalands og innflutningur Íslands




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Í öllum tilvikum skráir Ísland meiri innflutning frá Þýskalandi en Þýskaland skráir sem útflutning til Íslands. Mestur mismunur er í innflutningsgögnum á frystu kjúklingakjöti (020714) þar sem Ísland skráir á bilinu 149-614 tonnum meiri innflutning frá Þýskalandi en Þýskaland skráir sem útflutning til Íslands árin 2011-

2021. Niðurstöður eru í samræmi við greiningu á hollenskum tollgögnum þar sem meirihluti útflutnings Hollendinga í 2. kafla til Íslands virðist í raun vera þýskt fryst kjúklingakjöt. Nánari umfjöllun má finna í kafla 3.3.


Mynd 37 Tíluð misræmis við Þýskaland í 2. kafla 2010-2021



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Við samanburð á misræmi Íslands og Hollands annars vegar og Íslands og Danmerkur og Þýskalands hins vegar er margt sem bendir til þess að fyrrnefnd Rotterdam-áhrif séu þar stór valdur að misræmi. Mikil umframskráning Hollendinga á útflutningi á kjúklingakjöti, aðallega 020714, og mikil umframskráning Íslands á innflutningi kjúklingakjöts frá bæði Danmörku og Þýskalandi virðist vitna um að mikið af kjúklingakjöti frá Hollandi eigi í raun annan uppruna. Eins og sjá má á mynd 38 nettast stór hluti misræmisins í kjúklingakjöti út þegar tölur þessara þriggja ríkja eru lagðar saman.

Mynd 38 Misræmi í kjúklingakjöti. Holland, Danmörk og Þýskaland 2010-2021



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps


Þá er misræmi við önnur lönd ótalið en hafi Hollendingar skráð kjúklingakjöt frá fleiri ríkjum sem sitt eigið myndu slíkar leiðréttingar draga enn frekar úr misræminu við Holland.

Í samanburði við gögn annarra ríkja mátti einnig finna mismun um meira en 100 tonn á tímabilinu, Bretland árin 2018 og 2020 þar sem Ísland skráði minna, Pólland árið 2016 þar sem Ísland skráði einnig minna og Spán árið 2014 þar sem Ísland skráði hins vegar meira. Eru þá ótalin þau ríki þar sem misræmi var minna, en finna mátti eitthvert misræmi við öll ríki ESB þar sem á annað borð var skráður einhver inn- eða útflutningur. Slík gögn eru enda þannig í eðli sínu að þau stemma nær aldrei fullkomlega.

2.6 Fjórði kafli tollskrár, mjólkurvörur

Innflutningur á vörum í 4. kafla tollskrár²¹ jókst á tímabilinu 2010-2021 en þó ekki í sama mæli og innflutningur í 2. kafla tollskrár. Árið 2021 hafði heildarinnflutningur í 4. kafla tæplega fjórfaldast í tonnum talið frá árinu 2010 skv. skráðum innflutningi hjá Íslandi. Hlutfallslegt misræmi hefur verið sveiflukennt. Það var álíka mikið í byrjun og í lok tímabilsins, eða á bilinu 25-28%, en þar sem innflutningur hafði aukist jókst misræmið samhliða í tonnum. Var það t.a.m. 380 tonnum meira árið 2021 en árið 2010 (Viðaukar 8-10). Mest var hlutfallslegt misræmi 35% árið 2011 en minnst 6% árið 2017.

Mynd 39 Magn og misræmi milli út- og innflutnings í 4. kafla




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Á mynd 40 má sjá þróunina á skráðum útflutningi landbúnaðarvara í 4. kafla hjá ESB til Íslands annars vegar og innflutningi skráðum á Íslandi frá ESB hins vegar. Líkt og myndin ber með sér er mesta misræmið í tonnum að finna árin eftir 2017, en það ár var misræmið minnst bæði hlutfallslega og í tonnum. Greinilegt er hve

²¹ 4. kafli: mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.

mikið dregur í sundur eftir 2017 þegar mikil aukning verður í skráðum útflutningi ESB til Íslands án sambærilegrar aukningar í gögnum Íslands. Þó ber að hafa í huga að hlutfallslegt misræmi er ekki meira eftir 2017 en í upphafi tímabilsins þegar mun minna var flutt inn frá ESB.

Mynd 40 Út- og innflutningur, 4. kafli samtals



Heimild: Eurostat

Árið 2021 voru flutt inn 1.862 tonn af vörum í 4. kafla skv. gögnum ESB en 1.348 tonn skv. gögnum Íslands. Til samanburðar voru 516 tonn skráð hjá ESB og 383 tonn hjá Íslandi árið 2010.

Tafla 4 Yfirlit yfir út- og innflutning í 4. kafla samtals, í tonnum

	Útflutningur ESB til Íslands, tonn	Innflutningur Íslands frá ESB, tonn	Misræmi
2010	516	383	133
2011	615	398	217
2012	632	428	204
2013	906	672	234
2014	742	562	179
2015	683	535	149
2016	865	672	193
2017	1.284	1.204	80
2018	1.428	1.167	261
2019	1.872	1.228	644
2020	1.490	1.138	352
2021	1.862	1.348	513


Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Á tímabilinu 2010-2021 skráði ESB meiri útflutning til Íslands fyrir 4. kafla í heild en Ísland skráði sem innflutning til Íslands. Misræmið var yfir 50 tonnum öll árin, frá 80 tonnum árið 2017 upp í 644 tonn árið 2019, en árið 2021 var mismunurinn 513 tonn eins og sjá má í töflu 4.

Árið 2021 skráði ESB mestan útflutning til Íslands (Viðauki 32) í tveimur undirliðum, 040690 (annar ostur), alls 447 tonn, og 040610 (skyr og annar nýr ostur), alls 222 tonn. Innflutningur Íslands frá ESB sama ár (Viðauki 33) var hins vegar mestur í númeri 040640 (gráðostur), alls 373 tonn, sem er óvanalegt því innflutningur hin árin á tímabilinu hefur verið undir 22 tonnum.

Ólíkt misræminu í 2. kafla er ekki hægt að binda það eins sterklega við ákveðna tegund innflutnings, hvorki vörulið né undirlið. Í kaflanum eru 10 vöruliðir og þótt mesta misræmið sé að finna í vörulið 0402 (mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri) er það að nær öllu leyti bundið við einn undirlið árin 2019-2021 og er nánar fjallað um það í kafla 2.6.1 hér að neðan. Fyrir þann tíma var misræmi í vöruliðnum lítið, ávallt undir 50 tonnum. Misræmi í vörulið 0406 (ostur og ystingur) er einnig að mestu bundið við seinni hluta tímabils en misræmi var þar langmest árin 2019 og 2021. Eins og fram hefur komið jókst heildarmisræmi í 4. kafla eftir árið 2017, samhliða auknum innflutningi, og er það að stærstum hluta að finna í áðurnefndum tveimur vöruliðum. Fyrir 2017 var misræmið mun minna og dreifðara milli vöruliða og þótt finna megji dæmi um misræmi í vöruliðum einstaka ár sem fer yfir 50 tonn var það hvorki kerfislægt né nálægt því jafn mikið og misræmið sem síðar varð í 0402 og 0406. Eina undantekningin er vöruliður 0409 (náttúrulegt hunang) þar sem misræmi hélst yfir 50 tonnum 2013-2016 og síðan aftur árið 2021. Vægi framangreindra vöruliða í heildarmisræmi í 4. kafla má sjá á mynd 41.

Mynd 41 - Misræmi í 4. kafla tollskrár eftir vöruliðum




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

2.6.1 Mjólk og rjómi 0401 og 0402

Í gögnum um innflutning á vörum í vöruliðum 0401²² og 0402²³ er almennt ekki að finna viðvarandi misræmi yfir 50 tonnum (Viðaukar 29-31). Þrátt fyrir það er sem fyrr segir mesta misræmið í 4. kafla árin 2019-2021 að finna í vörulið 0402, nánar tiltekið í undirlið 040299²⁴ (Viðaukar 32-34) sem flokka má sem aðra mjólk og rjóma sem ekki eru skilgreind annars staðar. Þróun skráðs útflutnings ESB og skráð innflutnings á Íslandi frá ESB undir þessum undirlið má sjá á mynd 42.

Mynd 42 Út- og innflutningur á annarri mjólk og rjóma, undirliður 040299




Heimild: Eurostat

Samkvæmt gögnum ESB jókst útflutningur á vörum í þessum undirlið árið 2019 án sambærilegrar aukningar í innflutningsgögnum Íslands. Misræmið var því talsvert þessi þrjú ár og nam mest 319 tonnum árið 2019. Heildarmisræmi í vöruliðum 0401 og 0402 er nær allt af þeim sökum. Frá 2010 til 2018 nær misræmið aldrei 100 tonnum og er nokkuð dreift milli undirliða en eins og sjá má á mynd 43 eykst það mikið frá og með árinu 2019 samhliða aukinni skráningu ESB á útflutningi undir undirlið 040299.

22 Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni

23 Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni

24 Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni: annað: annars


Mynd 43 Misræmi í mjólk og rjóma (0401 og 0402) eftir undirliðum

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Starfshópurinn fann ekki sambærilega aukningu í öðrum undirlið 4. kafla í innflutningsgögnum Íslands og virðist því ekki um misskráningu innan kafla að ræða. Ekki er auðvelt að átta sig á hvaða vörur þetta eru nákvæmlega þar sem undirliðurinn er tiltölulega óskilgreindur og leiddi athugun starfshópsins á öðrum skyldum köflum ekki til þess að skýring myndist á misræminu.

2.6.2 Ostur og ystingur 0406

Árið 2021 var misræmi í 4. kafla mest í vörulið 0406 (ostur og ystingur) líkt og fram hefur komið (Viðaukar 29-31). Á mynd 44 má sjá þróun heildarinnflutnings í 0406 skv. skráðum útflutningi ríkja ESB til Íslands og skráðum innflutningi Íslands frá ESB.


Mynd 44 Út- og innflutningur á osti og ystingi, vöruliður 0406

Heimild: Eurostat

Misræmið í vöruliðnum reyndist hvorki kerfisbundið né langvarandi yfir tímabilið eins og sjá má á mynd 44. Árið 2019 var misræmi 116 tonn og 216 tonn árið 2021 þar sem ESB skráði meiri útflutning til landsins.

Rétt er að ítreka að þegar samanburðurinn færast á undirliði getur reynst meira misræmi en í vöruliðnum sjálfum. Kemur það til vegna ólíkra formerkja misræmis undirliða sem nettast út þegar horft er á vöruliðinn í heild. Virðist það eiga vel við í tilfalli vöruliðarins 0406 en á mynd 45 hér að neðan er þróun misræmis 2010-2021 sýnd annars vegar í heild og hins vegar eftir einstaka undirliðum.

Mynd 45 Misræmi milli út- og innflutnings í vörulið 0406 eftir undirliðum



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Við blasir þegar litið er á mynd 45 að líkleg skýring á misræmi í einstaka undirliðum er misflokkun milli þeirra en líkt og fram hefur komið reyndist misræmi í vörulið 0406 hvorki kerfisbundið né langvarandi yfir tímabilið. Öll árin skráði ESB meiri útflutning í undirliðum 040610 (skyr og annar nýr ostur) og 040690 (annar ostur). Ísland skráði aftur á móti meiri innflutning í undirliðum 040620 (hvers konar rifinn eða mulinn ostur) og 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) og síðan árið 2021 í 040640 (gráðostur).

Af þeim undirliðum þar sem ESB skráði meira en Ísland vó þyngst undirliður 040690, litlu meira en undirliður 040610. Ísland skráði aftur á móti langmest undirlið 040630 samanborið við ESB, að undanskildu árinu 2021 þegar misræmið í honum minnkaði mikið en samhliða jókst misræmi í undirlið 040640. Lítil viðskipti höfðu verið á milli ESB og Íslands í 040640 fram að því.

Eins og fram hefur komið er hugsanleg skýring misflokkun, þ.e. að vörurnar hafi verið skráðar í 040690 hjá ESB en í 040620 eða 040630 á Íslandi. Greining á gögnum sem starfshópurinn fékk frá Hollandi styður þessa kenningu en nánari umfjöllun um þau gögn og greiningu á þeim má finna í kafla 3.3.7. Slík misflokkun er ekki til þess fallin að hafa áhrif á tollkjör við innflutning og því enginn hagrænn hvati að skrá í rangan undirlið vöruliðarins.

Tafla 5 - Yfirlit yfir tollkjör osts og ystings í vörulið 0406 án tollkvóta

Tollskrárnúmer	Almennur tollur		Tvíhliða samningur Íslands og ESB	
	Verðtollur	Magntollur	Verðtollur	Magntollur
0406.1011	30%	430	#	#
0406.1019	30%	430	#	#
0406.1090	30%	430	#	#
0406.2000	30%	836	#	#
0406.3000	30%	836	#	#
0406.4000	30%	972	#	#
0406.9000	30%	972	#	#


Heimild: Tollakerfi Skattsins

2.6.3 Misræmi í 4. kafla eftir ríkjum

Ef tölur fyrir einstök ríki ESB eru bornar saman við tölur Íslands fyrir 4. kafla árið 2021 (Viðaukar 8-10) kemur í ljós að mestu munar í samanburði við Danmörku. Nemur mismunurinn 432 tonnum en næstmesti munurinn er við Holland, eða 287 tonn.

Allt tímabilið var skráður útflutningur **Danmerkur** í 4. kafla (Viðaukar 35-37) meiri í tonnum en skráður innflutningur Íslands frá Danmörku. Mestur var munurinn árin 2018-2021 þegar Danmörk skráði á bilinu 267-432 tonnum meiri útflutning en Ísland innflutning. Á mynd 46 sést hvernig mismunur milli Danmerkur og Íslands vex eftir árið 2017 samhliða vexti í skráningu Danmerkur án sambærilegrar aukningar í íslensku gögnunum.

Mynd 46 4. kafla: Útflutningur Danmerkur og innflutningur Íslands 2010-2021




Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Af vöruliðum 4. kafla er stærstan hluta misræmisins við Danmörku að finna í 0406 (ostur og ystingur) og vegur það þyngst allt tímabilið. Vekur athygli að lítið misræmi er að finna í 0402 (mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri) en

Líkt og fram hefur komið var heildarmisræmi ESB og Íslands mest í þeim vörulið 4. kafla. Frá árinu 2018, þegar misræmið við Danmörku jókst, bættist misræmi í vöruliðum 0403 (jógúrt o.fl.) og 0407 (fuglsegg) við sem skýringarþættir á misræmi. Misræmið í 0403 nam 35-97 tonnum árin 2018-2021 og misræmið í 0407 79 tonnum árið 2018 og 102 tonnum 2021 en var mun minna bæði 2019 og 2020.


Mynd 47 - Misræmi við Danmörku í 4. kafla eftir vöruliðum



Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps


Stærstan hluta misræmis vöruliðar 0406 er að finna í undirlið 040690 (annar ostur) þar sem Danmörk skráði árin 2018-2021 á bilinu 109-207 tonnum meiri útflutning til Íslands en Ísland innflutning frá Danmörku.

Holland skráði allt tímabilið 2010-2021 meiri útflutning í tonnum talið til Íslands en Ísland skráði sem innflutning frá Hollandi (Viðaukar 38-40). Árin 2018-2021 var mismunurinn 185-451 tonn en einnig var yfir 100 tonna mismunur árin 2013 og 2016. Eins og sést glögglega á mynd 48 jókst misræmið frá og með árinu 2018 þegar skráður útflutningur frá Hollandi til Íslands jókst umtalsvert án þess að skráður innflutningur á Íslandi frá Hollandi ykist samhliða.

Mynd 48 - 4. kafli: Útflutningur Hollands og innflutningur Íslands

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Uppsafnað misræmi yfir tímabilið reyndist mest vegna vöruliðar 0402, jafnvel þótt þar sé lítið sem ekkert misræmi fram til ársins 2019. Misræmi innan vöruliðarins skýrði meira en helming alls misræmis þau ár og var nær allt í undirlíð 040299 (önnur mjólk og rjómi). Mun minna misræmi varð í hinum vörulið mjólkur og rjóma, 0401, og ekkert að ráði fyrr en árið 2016 og nánast einungis vegna undirlíðar 040120. Stöðugast var misræmið í vörulið 0409 (náttúrulegt hunang) og þótt það næði aldrei sömu hæðum og misræmi 0402 munar ekki miklu á uppsöfnuðu misræmi vöruliðanna yfir tímabilið. Einungis var skráður inn- og útflutningur á einu undirlíð, 040900, og var misræmið í honum á bilinu 29-76 tonn, Hollandi í vil, að undanskildu einu ári þegar Íslendingar skráðu 3 tonnum meiri innflutning en Hollendingar útflutning.

Mynd 49 - Misræmi við Holland í 4. kafla eftir vöruliðum

Heimild: Eurostat og útreikningar starfshóps

Ef litið er til annarra landa var misræmi yfir 100 tonn á tímabilinu á milli skráninga við Frakkland árin 2017-2019 og árið 2021 og við Bretland og Grikkland einstök ár. Öll önnur ESB-lönd, nema tvö, sýna einhvern mismun á tímabilinu en hann er í öllum tilfellum minni.

3. Samstarf

Starf hópsins hvílir að stórum hluta á aðgengi að áreiðanlegum og samanburðarhæfum tollgögnum um útflutning annarra ríkja til Íslands til að greina ástæðu mismunar við gögn einstakra landa og innan sömu tollflokka. Slík gögn má þá bera saman við innlend tollgögn og tollskrár og finna ástæður mismunar, t.d. hvaða land ESB er skráð útflutningsland í þeim tilvikum þar sem tölur ESB sýna útflutning til Íslands en íslenskar tölur ekki. Í því skyni sendi Skatturinn fyrirspurnir á erlend tollyfirvöld um hvort til væri miðlægur grunnur yfir tollafgreidd viðskipti ESB. Báru þær umleitanir ekki árangur þar sem enginn slíkur grunnur er til staðar.

3.1 Samstarf við erlend tollyfirvöld

Án miðlægs gagnagrunns varð starfshópurinn að þrengja sjónarhornið í sinni nálgun. Ákveðið var að fara þess á leit við einstaka viðskiptaríki Íslands að koma á samstarfi um deilingu gagna. Samstarfið yrði fólgið í því að fá aðgang að tollskýrslum ríkjanna fyrir innflutning til Íslands yfir ákveðið tímabil svo hægt væri að bera þær saman við innlendu tollskýrslurnar og niðurstöðum vinnunnar yrði í framhaldinu deilt með samstarfsríkjum. Ákveðið var að senda beiðni til tollyfirvalda nokkurra ríkja til að auka líkur á samstarfi og ríkin valin annars vegar eftir umfangi viðskipta við Ísland í þeim tollflokki sem eru til skoðunar og hvar mismunur milli talna er mest áberandi og hins vegar eftir landfræðilegri legu. Talið var líklegt til árangurs að leita til nágrannaríkja og draga þar með úr skekkjum vegna langra flutningsleiða varanna.

Ákveðið var að íslensk tollyfirvöld myndu beina fyrirspurnum til danskra, þýskra og hollenskra tollyfirvalda.

Óskað var eftir gagnkvæmri aðstoð í tollamálum á grundvelli bókunar 11 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og 12. gr. samnings Alþjóðaviðskiptamálstofnunar um viðskiptalíprun. Bréf til erlendra tollyfirvalda voru öll efnislega samhljóða, þó var sérstaklega vísað til samstarfssamnings Norðurlanda í bréfi til danskra tollyfirvalda. Í bréfunum var fjallað um ástæður þess að óskað var eftir gagnkvæmri aðstoð og hvernig upplýsingarnar yrðu nýttar í rannsóknarvinnu starfshópsins.

Til að færa rök fyrir beiðni um gagnkvæma aðstoð gagnvart dönskum, þýskum og hollenskum tollyfirvöldum var í bréfunum farið yfir misræmi á skráningu Íslands í gagnagunni ESB sem byggja á upplýsingum úr íslenskum aðflutningsskýrslum bornum saman við skráningu ESB-ríkja í sama gagnagrunni.

Með beiðni til danskra, þýskra og hollenskra tollyfirvalda fylgdi einnig skýring á tildrögum að beiðni um gagnkvæma aðstoð og yfirlit yfir misræmi hagtalna:

- 1) farið var yfir misræmi milli útflutningshagtalna viðkomandi ríkis og íslenskra hagtalna í 2. kafla tollskrár árin 2018, 2019 og 2020, þar sem

forsendur samanburðar voru viðkomandi útflutningsríki og Ísland sem innflutningsríki;

- 2) farið var yfir misræmi milli útflutningshagtalna viðkomandi ríkis og íslenskra hagtalna í 4. kafla tollskrár árin 2018, 2019 og 2020, þar sem forsendur samanburðar voru viðkomandi útflutningsríki og Ísland sem innflutningsríki.

Ekki bárust gögn frá þýskum og dönskum tollyfirvöldum. Hollensk tollyfirvöld brugðust hins vegar við beiðni með jákvæðum hætti. Gögnin frá hollenskum tollyfirvöldum voru mikilvæg fyrir vinnu starfshópsins.

3.2 Gögn frá Hollandi

Holland sendi gögn fyrir árin 2019 og 2020 fyrir tollkafla 2 og 4. Því miður voru sendingar takmarkaðar fyrir árið 2020 í tollkafla 4 en þær nýttust vel til samanburðar.

Upplýsingar bárust um alls 280 hollenskar útflutningsskýrslur, þar af 149 útflutningsskýrslur þar sem fluttar voru út vörur í 2. kafla tollskrár og 131 útflutningsskýrslu þar sem fluttar voru út vörur í vörulið 0406. Í samræmi við vinnu starfshópsins um misræmi í innflutningstölum voru eftirfarandi atriði úr hollenskum útflutningsskýrslum tekin til skoðunar:

- 1) hollenskt sendingarnúmer vörusendingar, 2) útflutningsdagur vörusendingar, 3) uppruni vörusendingar, 4) útflutningsland, 5) ákvörðunarstaður vörusendingar, 6) vörulýsing, 7) tollflokkun, 8) heildarþyngd, 9) nettóþyngd, 10) nafn útflytjanda, 11) heimilisfang útflytjanda, 12) nafn viðtakanda, 13) heimilisfang viðtakanda.

Upplýsingar úr íslenskum innflutningsskýrslum voru bornar saman við hollenskar útflutningsskýrslur. Samanburður gagnanna leiddi af sér ýmsar áskoranir, s.s. flutningstíma vörusendinga, ekki var endilega samræmdur fjöldi lína á hollenskum tollskýrslum og íslenskum tollskýrslum, sendingum var skipt upp í vöruhúsum héraendis og einnig voru nöfn íslenskra fyrirtækja ósamræmd. Einnig má benda á að skv. leiðbeiningum tollgæslustjóra við útfyllingu innflutningsskýrslu á innflytjandi að sameina línur fyrir vörur sem flokkast í sama tollskrárnúmer, bera sama uppruna og sömu aðflutningsgjöld. Af þessu leiðir að línur á íslenskum sendingarnúmerum verða óhjákvæmilega færri samanborið við hollenskar tollskýrslur þar sem engar reglur eru um að draga saman línur á tollskýrslum.

Til að nálgast verkefnið þurfti að bregðast við þeim áskorunum sem komu í ljós við samanburðinn. Hér má nefna að til að gera gögnin samanburðarhæf þurfti að fjölga línum sendinga þannig að heildarumfang væri samræmt. Til skýringar má nefna tvö dæmi:

Dæmi a) hollensk útflutningsskýrsla inniheldur tvær línur en íslensk innflutningsskýrsla eina línu - hér er samnefnarinn tvær línur;

Dæmi b) hollensk tollskýrsla inniheldur eina línu en íslensk innflutningsskýrsla tvær línur - hér er samnefnarinn aftur tvær línur.

Við samanburð á tollskýrslum þurfti því að bæta við línunum ýmist í íslensk gögn eða hollensk. Af þessum ástæðum er ósamræmi í fjölda sendinga sem barst frá hollenskum tollyfirvöldum eins og þeim var lýst hér að ofan, samanborið við fjölda sendinga sem fram koma í niðurstöðukaflanum *3.3 Niðurstöður samanburðar við Holland*.


3.3 Niðurstöður samanburðar við Holland

3.3.1 2. kafli – kjöt og ætir hlutar af dýrum

Eftir að unnið hafði verið með gögnin frá hollenskum tollyfirvöldum stóðu eftir 165 samanburðarhæfar sendingar í 2. kafla tollskrár frá hollenskum tollyfirvöldum. Um er að ræða sendingar sem skráðar voru sem útflutningur til Íslands frá Hollandi árin 2019 og 2020. Rétt er að gera þann fyrirvara við niðurstöður samanburðarins að rekjanlegar inn- og útflutningsskýrslur höfðu ákveðinn samnefnara sem gerði kleift að tengja þær, t.d. nafn eða kafla tollskrár.

Af sendingunum 165 tókst að rekja 119, eða 72%, til sendinga sem skráðar höfðu verið á Íslandi. Með rekjanleika er átt við sendingu sem kom til landsins með eðlilegum flutningshraða, flutt inn af innflytjanda sem kemur fram í útflutningsgögnum hollenskra tollyfirvalda, og innihélt vöru sem svipar til þeirrar sem lýst er í hollenskum gögnum og af sambærilegri þyngd.

Af þeim 165 sendingum sem voru skoðaðar báru 30 sendinganna þess merki að vera kostur eða umskipun (transit) en 16 sendingar tókst ekki að rekja til skráningar á Íslandi. Í þeim tilfellum þar sem metið var að sendingar væru umskipun eða kostur var t.d. vísað til IMO-auðkennisnúmers skipa sem viðtakanda sendingar hér á landi og þá var gengið út frá því að flutningsfarið sem tilgreint var myndi flytja sendinguna áfram eða að viðtakandi sendingar væri tollfrjáls forðageymsla hér á landi. Með einni undantekningu voru sendingarnar frá sama sendanda en það fyrirtæki sérhæfir sig í heildsöludreifingu matvæla til fyrirtækja.

Mynd 50 Sendingar frá Hollandi eftir rekjanleika


Þessi greining snýr að þeim sendingum sem hægt var að rekja til sendinga skráðra á Íslandi. Sendingar sem ekki hægt var að rekja geta vissulega reynst uppspretta misræmis en það liggur í hlutarins eðli að án andlags á Íslandi varpa upplýsingar um þær litlu ljósi á umfang eða ástæður þess. Rekjanlegar sendingar telja sem fyrr segir 72% allra sendinga á tímabilinu.

3.3.2 2. kafli - skráning upprunlands

Skráð upprunaland í hollensku gögnunum er alltaf Holland enda sneri gagnabeiðnin til þarlandra tollýfirvalda að því að fá upplýsingar um skráðan hollenskan útflutning til Íslands.

Mynd 51 2. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland?


Fjöldi sendinga



Þegar búið er að þara rekjanlegar sendingar við íslenska skráningu sést að skráð upprunaland er einungis í tæplega helmingi tilfella hið sama, þ.e. Holland, skv. íslenskum tollskýrslum. Í 69 tilfellum af þeim 119 sem hér eru til skoðunar er annað land skráð sem útflutningsríki.

Mynd 52 2. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland? Fjöldi tonna

Hlutfallslegt vægi sendinga með ólíka upprunaskráningu er enn meira ef það er metið í fjölda tonna. Næri 9 af hverjum 10 tonnum sem flutt eru til landsins í 2. kafla tollskrár frá Hollandi hafa ólíka upprunaskráningu á Íslandi miðað við Holland.

Mynd 53 Ólík upprunaskráning, skráning á Íslandi, fjöldi

Af þeim 69 sendingum þar sem upprunaland skráð á Íslandi er annað en Holland er í flestum tilfellum Þýskaland skráð, eða 37 sinnum. Uppruna þeirra 32 sendinga sem eftir standa má flestar rekja til annarra ríkja ESB en þó eru 14 sendingar þar sem upprunaland er skráð utan ESB. Skiptinguna má sjá á mynd 53 hér að ofan.

Á mynd 54 er fjöldi sendinga ekki talinn heldur heildartonn, þ.e. hversu mörg tonn sem skráð voru af Hollendingum sem hollenskur útflutningur voru skráð sem innflutningur frá öðrum ríkjum í íslenskum gögnum. Í heildina voru 762 tonn með ólíka skráningu uppruna en langstærstur hluti þeirra var skráður sem innflutningur frá Þýskalandi. Er vægi Þýskalands mun meira þegar mælt er í

tonnum en fjölda sendinga, eða 92%, miðað við 54% þegar metið er hlutfall sendinga.

Mynd 54 Ólík skráning uppruna, tonn



Af þeim 762 tonnum sem höfðu ólíka skráningu uppruna voru 698 skráð á Íslandi sem innflutningur frá Þýskalandi, 59 frá öðrum ríkjum ESB²⁵ og einungis 6 tonn skráð frá ríkjum utan ESB. Rétt ríflega 99% innfluttra tonna sem Hollendingar skrá sem hollenskan útflutning frá Hollandi sem ekki eru skráð sem hollenskur innflutningur í íslensku gögnunum eru því skráð sem innflutningur frá öðru ríki ESB.

Þar sem Þýskaland og Holland eru bæði ríki innan ESB hefur það engin áhrif á íslenska innflytjendur til hvors landsins sendingarnar rekja uppruna sinn, enda gilda um þau sömu tollasamningar við Ísland. Má því leiða að því líkur að hér sé, hið minnsta í flestum tilvikum, sannarlega um að ræða sendingar frá öðrum ríkjum sem fluttar hafa verið til Íslands með viðkomu í Hollandi og að skekkjan sé því sökum Rotterdam-áhrifanna sem skilgreind eru á blaðsíðu 27.

Hér er um að ræða nokkuð áhugaverðar niðurstöður. Heildartonnafjöldi sem hér er til skoðunar, af skráðum hollenskum útflutningi til Íslands, er 907 tonn og af því eru 757 tonn í raun útflutningur annarra ríkja ESB, með þeim fyrirvörum sem nefndir hafa verið. Niðurstöðurnar eru merkilegar að því leyti að þær sýna fram á verulegt misræmi milli Hollands og Íslands sem leiðir þó ekki til verulegs misræmis milli Íslands og ESB í heild. Þótt vægi ríkja utan ESB hafi verið lítið í þeim gögnum sem hér eru til skoðunar getur þessi kerfislæga skekkja valdið auknu misræmi milli ESB og Íslands önnur ár. Gögnin sem hollensk tollyfirvöld létu starfshópnum í té náðu einungis til árána 2019 og 2020 en hafi vægi ríkja utan ESB verið meira önnur ár hefur röng upprunaskráning mögulega vegið þyngra sem orsakavaldur misræmis.


²⁵ Bretland þar meðtalið.

3.3.3 2. kafli – skráning í kafla tollskrár

Misræmi getur ýmist stafað af rangri upprunaskráningu eða rangri skráningu í tollflokka. Óhætt er að segja að meiri áhöld hafa verið um að rangt sé skráð í tollflokka og snýr vinna starfshópsins að stærstum hluta að þeirri athugun.


Myndirnar hér að neðan varpa ljósi á það hversu mikið samræmið er milli skráningar á útflutningi Hollands og innflutningi Íslands þegar kemur að tollfloknum. Eins og áður hefur komið fram má brjóta tollskrárnúmer upp í kafla, vörulið og undirlið. Misræmið getur því tekið á sig mismunandi myndir. Í vissum tilvikum getur sending verið skráð í sama kafla en annan vörulið, í sama vörulið en annan undirlið, en ef allt er eins skráð má segja að flokkað sé samsvarandi niður á undirlið. Sem fyrr tekur þessi skoðun til rekjanlegra sendinga.

Mynd 55 2. kafli: Skráning sendinga eftir köflum



Af þeim 119 sendingum sem rekjanlegar voru í 2. kafla frá Hollandi til Íslands eru 72 eins skráðar niður á undirlið. eru það ríflega 60% sendinganna. 95 sendingar eru hinar sömu niður á fjögurra stafa vörulið, eða 80%, og 113, eða 95%, eru skráðar í réttan kafla.

Mynd 56 2. kafli: Skráning tonna eftir köflum



Athugun á misræmi í þessari greiningu snýr ekki að fjölda sendinga heldur tonnum. Af þeim 907 tonnum sem rekjanleg eru frá Hollandi til Íslands eru 838 tonn með sama undirlið, eða 92%, 890 með sama vörulið, 98%, og 905, eða 99,8%, skráð í sama kafla.

3.3.4 Misræmi í 2. kafla

Misræmið í 2. kafla milli hollenskrar skráningar útflutnings til Íslands og skráningar þeirra sömu sendinga á Íslandi liggur fyrst og fremst í ólíkri upprunaskráningu. Virðast gögnin benda til þess að stór meirihluti þess útflutnings sem skráður er frá Hollandi til Íslands sé að uppruna frá öðrum ríkjum ESB, að langstærstum hluta frá Þýskalandi. Skapar það misræmi milli skráningar Hollands og Íslands en ekki milli Íslands og allra ríkja ESB.


Lítið misræmi virðist aftur á móti vera í skráningu í tollflokka. Meira en 9 af hverjum 10 tonnum sem flutt eru frá Hollandi til Íslands hljóta sömu skráningu í tollflokka alveg niður í sex stafa undirlið samræmdrar tollflokunar. Nær allur útflutningur er skráður á sama undirlið og kafla.

Vert er að benda á að þó að greiningin miðist aðeins við þau gögn frá Hollandi sem fá samsvörun í íslenskum gögnum var það nær alfarið númerið 020714 sem kom fram í þeim gögnum frá Hollandi sem ekki tókst að stemma af við íslensk gögn.

3.3.5 Misræmi í 4. kafla – mjólkurafurðir

Upplýsingar bárust um 137 sendingar í 4. kafla tollskrár frá hollenskum tolyfirvöldum sem skráðar voru sem útflutningur til Íslands frá Hollandi árin 2019 og 2020. Af þeim 137 sendingum tókst að rekja 129, eða 94%, til sendinga sem skráðar höfðu verið á Íslandi en þær átta sendingar sem eftir standa báru þess merki að vera kostur eða umflutningur (transit).

Mynd 57 4. kafla: Sendingar frá Hollandi eftir rekjanleika




Þessi greining snýr að þeim sendingum sem hægt var að rekja til sendinga skráðra á Íslandi. Sendingar sem ekki var hægt að rekja geta vissulega reynst uppspretta misræmis en það liggur í hlutarins eðli að án andlags á Íslandi varpa upplýsingar um þær litlu ljósi á umfang eða ástæður þess. Rekjanlegar sendingar telja sem fyrr segir 94% allra sendinga á tímabilinu.

3.3.6 4. kafli – skráning upprunals

Skráð upprunaland í hollensku gögnunum er alltaf Holland enda sneri gagnabeiðnin til þarrendra töllyfirvalda að því að fá upplýsingar um skráðan hollenskan útflutning til Íslands. Á mynd 58 hér að neðan eru rekjanlegar sendingar flokkaðar eftir því hvort sama upprunaland er skráð í Hollandi og á Íslandi.

Mynd 58 4. kafli: Rekjanlegar sendingar: sama upprunaland skráð?



Þegar búið er að þróa rekjanlegar sendingar við íslenska skráningu sést að skráð upprunaland er í flestum tilfellum það sama, þ.e. Holland, eða í 90% tilvika. Einungis 13 af þeim 129 rekjanlegu sendingum sem hér eru til skoðunar voru með ólíka skráningu uppruna, þ.e. annan uppruna en Holland.

Mynd 59 4. kafli: Rekjanlegar sendingar, sama upprunaland? Fjöldi tonna




Ekki er mikill munur eftir því hvort litið er til fjölda sendinga eða fjölda tonna þegar innflutningi er skipt eftir því hvort upprunaland sé skráð það sama í íslensku gögnunum og þeim hollensku. Um 90% samræmi er milli skráningar í Hollandi og á Íslandi og einungis 6 tonn sem skráð eru á Íslandi með annan uppruna en Holland. Ólíkt niðurstöðunum við sambærilegra skoðun á 2. kafla er ólík skráning upprunalands því ekki uppspretta misræmis í 4. kafla og verða skráðum uppruna ofangreindra 6 tonna því ekki gerð frekari skil.

3.3.7 4. kafla – skráning tollskrárnúmera


Misræmi getur t.d. stafað af rangri upprunaskráningu eða rangri skráningu í tollflokka. Óhætt er að segja að meiri áhöld hafa verið um að rangt sé skráð í tollflokka og snýr vinna starfshópsins að stærstum hluta að þeirri athugun eins og fram hefur komið.

Myndirnar hér að neðan varpa ljósi á það hversu mikið samræmið er milli skráningar á útflutningi Hollands og innflutningi Íslands þegar kemur að tollflokum. Eins og áður hefur komið fram má brjóta tollskrárnúmer upp í kafla, vörulið og undirlið. Misræmið getur því tekið á sig mismunandi myndir. Í vissum tilvikum getur sending verið skráð í sama kafla en annan vörulið, í sama vörulið en annan undirlið, en ef allt er eins skráð má segja að flokkað sé samsvarandi niður á sex fyrstu stafi tollskrárnúmers. Sem fyrr tekur þessi skoðun til rekjanlegra sendinga.


Mynd 60 4. kafla: Skráning sendinga eftir köflum



Rekjanlegar sendingar voru 129 talsins og eru þær allar, utan einnar, eins skráðar niður á vörulið. Töluvert misræmi er þó í skráningu á undirlið en mikill meirihluti sendinganna sem eru eins skráðar niður á undirlið er skráður á annan undirlið í Hollandi en á Íslandi, eða 86%.

Mynd 61 4. kafli: Skráning tonna eftir köflum

Hlutfallið verður enn hærra þegar misræmið er rakið eftir tonnum. Af þeim 47 tonnum sem flutt voru til landsins voru þau öll rétt skráð niður á vörulið²⁶ en 43 þeirra skráð á rangan undirlið, eða 91%.

Mynd 62 4. kafli: Misræmi í skráningu í undirflokkum

Á mynd 62 er þeim tonnum sem hlutu ólíka skráningu í undirlið tollskrár skipt upp eftir skráningu í Hollandi og á Íslandi. Öll tonninn voru skráð á 040690 (annar ostur) í Hollandi, en á Íslandi voru 35 tonn skráð á 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) og 8 tonn á 040620 (hvers konar rifinn eða mulinn ostur).

Það eru áhugaverðar niðurstöður í ljósi þess sem fram kemur í kafla 2.6.2 og sýnt er á mynd 45. ESB skráði mun meiri útflutning á 040690 til Íslands eins langt og gagnasafnið nær og hefur misræmið farið vaxandi. Var því öfugt farið í hinum tveimur númerunum, 040620 og 040630, líkt og tekið er fram fyrr í þeim kafla og

²⁶ Ástæða þess að hér er ekkert misræmi í skráningu milli kafla ólíkt því sem var í fjölda sendinga er að námundað er í tonn. Eina sendingin sem rangt var skráð í kafla námundast í 0 tonn.

á mynd 45 en þar var meira magn skráð á Íslandi. Er það í miklu samræmi við niðurstöður þessarar athugunar.

4. Ástæður misræmis

Eins og fram hefur komið geta verið margar ástæður sem liggja að baki misræmi í innflutningsgögnum milli ESB og Íslands. Í minnisblaði fyrri starfshóps frá 2020 eru tilgreindar mögulegar ástæður fyrir misræmi (Viðauki 1) og eiga þær enn við. Mikilvægt er að hafa í huga að misræmi í hagtölum er þekkt alþjóðlegt vandamál en ekki séríslenskt. Það er nær aldrei svo að skráður útflutningur á vörum hjá einu landi og skráður innflutningur á þeim hjá öðru landi stemmi alfarið.

Í umfjöllun hér á undan hefur verið velt upp mögulegum ástæðum fyrir því misræmi sem til staðar er. Þær ástæður byggja á greiningu á gagnasöfnum frá Eurostat sem og gögnum sem fengust frá hollenskum tollfyrirvöldum. Greiningin leiddi í ljós að ástæður misræmis í köflum 2 og 4 voru helst eftirfarandi:

4.1 Misflokkun vöru

Misflokkun er alltaf hugsanleg, hvort sem það er af ásetningi, gáleysi eða vegna mistaka. Misflokkun getur verið til staðar milli landa, þ.e. vara er flokkuð á ólíkan hátt og getur valdið skekkju. Einnig getur misflokkun átt sér stað innan kafla, vöruliða og undirliða. Misflokkun vegna mistaka getur vissulega verið líkleg vegna fjölda tollskrárnúmera en þó er ekki hægt að útiloka fjárhagslegan ávinning við ranga tollflokkun vöru.

Við greiningu á gögnum úr gagnagrunni Eurostat og gögnum sem fengust frá hollenskum tollfyrirvöldum voru vísbendingar um misflokkun í undirliði innan vöruliða sem og misflokkun milli kafla.

Misræmi í gögnum yfir innflutning á frystu kjúklingakjöti vakti sérstaka athygli. Hugsanlegar skýringar á misræmi í undirlið 020714 er annars vegar misflokkun í undirliði innan vöruliðar 0207 og hins vegar misflokkun milli kafla tollskrár. Það vekur athygli að hluta tímabilsins skráir ESB meiri útflutning en Ísland innflutning í undirlið 020713 (kjúklingakjöt, nýtt eða kælt). Er því öfugt farið í undirlið 020714 þar sem Ísland skráir meiri innflutning en ESB skráir sem útflutning. Það bendir til misflokkunar innan vöruliðar. Langvarandi misræmi í undirlið 160232 (unnið kjúklingakjöt, fryst) þar sem ESB skráir meira magn til landsins getur hins vegar stafað af misflokkun milli kafla, þ.e. milli 020714 og 160232. Ekki er hægt að fullyrða út frá þeim gögnum sem fyrir liggja hvort samhengi sé á milli misræmis í þessum undirliðum en leiða má að því líkur að hluta misræmis megi rekja til misflokkunar. Vert er að benda á að vegna mismunandi tollkjara í 2. kafla og 16. kafla getur falist fjárhagslegur ávinningur fyrir innflytjanda af því að flokka vörur frekar í 2. kafla.

Við skoðun á 4. kafla var auðsýnilegt að þar sem útflytjandi í Hollandi skráði almennt undirliðinn 040690 hefur innflytjandi á Íslandi almennt skráð 040620 og 040630, en ekki er hægt að leggja mat á hvort það sé almennt gert fyrir mistök eða af ásetningi. Hins vegar sýndi samanburður við gögn frá Hollandi að í einhverjum tilvikum hafði útflytjandi fyllt út ákveðinn undirlið (040690, sem er

safnnúmer, þ.e. annar ostur) á útflutningsskýrsluna en innflytjandinn hafði strokað yfir það og sett annan undirlið í staðinn. Þetta vakti athygli starfshópsins og var áhugavert að sjá að útflytjandi og innflytjandi virðast ekki vera sammála um skráningu þrátt fyrir samræmda tollskrá niður á sex stafi. Ekki er að sjá að breytingin hafi haft í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir innflytjandann og virðist hún heldur til þess fallin að skrá vöruna með nákvæmari hætti en í útflutningsskýrslu.

Í greiningunni er einnig fjallað um þann möguleika að vörur séu flokkaðar á ólíkan hátt á milli landa. Í því samhengi má nefna að ekki er útilokað að þegar frystiskylda var í gildi væri kjöt sem væri keypt ferskt erlendis fryst ýmist á leið til landsins eða við komu til þess að uppfylla skilyrði um 30 daga frystingu. Innflutningur gæti því verið skráður á ólíkum númerum á brottfararstað og komustað. Ekki er hægt að fullyrða það út frá gögnunum heldur er þetta nefnt hér sem möguleg ástæða.

4.2 Rangur uppruni – Rotterdam-áhrifin

Eins og áður hefur komið fram eru Rotterdam-áhrifin sú bjögun sem umskipun vöru á leið sinni til endanlegs ákvörðunarstaðar getur valdið. Við greiningu á gögnum sem bárust frá hollenskum tollýfirvöldum fundust dæmi þar sem Holland var skráð sem upprunaland í hollenskum gögnum meðan önnur ríki voru skráð sem upprunaland í íslenskum gögnum. Í flestum tilvikum var um að ræða önnur ríki innan ESB en þó fundust dæmi um að innflutningur ætti að öllum líkindum uppruna utan ESB.

Greining á gagnagrunnum Eurostat gaf einnig vísbendingar um hið sama þar sem í mörgum tilvikum var um að ræða meiri útflutning Hollands til Íslands í hollenskum gögnum en var hægt að finna stað í íslenskum gögnum um innflutning frá Hollandi. Var því öfugt farið í samanburði við Þýskaland. Niðurstöður greiningar á gögnum Eurostat eru því í samræmi við niðurstöður greiningar á hollensku tollgögnunum.

4.3 Kostur skipa og fríhöfn, eða umskipun (transit)

Ein möguleg orsök misræmis varðar skráningar vara sem fluttar eru í tollvöruheymslu eða á frísvæði eða koma til landsins í umskipun. Aukin flugumferð um landið og skipakoma síðasta áratuginn hefur verið til þess fallin að auka mögulega skekkju sem slík viðskipti geta valdið í tölum um innflutning til landsins.

Úr fyrra minnisblaði: „Greint er milli tvenns konar grundvallarreglna um vöruflæði, almennra verslunarreglna og sértækra verslunarreglna. Þær gera greinarmun á skráningu vöru sem flutt er í tollvöruheymslu og á frísvæði. Almenna verslunarreglan miðar við að vara sé skráð sem innflutt þegar hún kemur inn í tollvöruheymslu/frísvæði en samkvæmt sértæku verslunarreglunum er varan skráð þegar hún fer úr tollvöruheymslu/frísvæði inn í landið. Á Íslandi er sértæku verslunarreglunum fylgt en þó því sé eins farið í þeim gögnum sem

gefin eru út fyrir ESB lönd í heild er þar beitt undantekningu. Í gögnum ESB eru aðvinnslu- og frísvæði þar sem framleiðsla á sér stað tekin með og gæti það því skapað misræmi í samanburði við íslenskar hagtölur.“

Til að varpa betra ljósi á mögulegt umfang þess misræmis sem af frísvæðum og kosti skipa gæti hlotist fékk starfshópurinn Hörð Davíð Harðarson yfirtollvörð til fundar. Sú tollameðferð sem kostur fær hér á landi, sem og vörur sem fara inn á frísvæði og í fríhöfn, er til þess fallin að skapa misræmi við tölur ESB þar sem útflutningur sem er skráður til Íslands er á endanum ekki tollafgreiddur inn í landið. Umfang misræmisins er þó á reiki og kallar það á breytta aðferðafræði og töluverðan tilkostnað að halda skrá yfir þær vörur sem fara þessa leið. Vörur sem fara í umskipun fara inn í gáma fyrirtækja á vöruhótelum og er þaðan tekið út eftir þörfum og flutt til fríhafnar. Þær vörur bera ekki toll en tollyfirvöld votta það magn sem tekið er út og fellir niður gjöld. Skila þær magntölur sér því ekki í innflutningstölur til Íslands.

Hluti þeirra útflutningsskýrsla sem hollensk tollyfirvöld létu starfshópnum í té bar þessi merki að vera kostur eða vörur á leið í umskipun. Slíkar sendingar voru enda mun færri á árinu 2020 en 2019 en það ár var mun minni skipa- og flugumferð um Ísland vegna Covid-19. Áhrif líklegs kosts eða umflutnings voru þó ekki mikil í samanburðinum eða einungis 3,1% skráðs útflutnings Hollands í 2. kafla og 1,4% skráðs útflutnings í 4. kafla.

Einnig má velta fyrir sér hvort kjöt skráð sem nýtt eða kælt í gögnum ESB fari í umflutning (transit) eða kost og því aldrei skráð inn til landsins. En ekki eru til nægilega ítarleg gögn yfir þær vörur og því ekki hægt að staðfesta að svo sé.

4.4 Tímatöf

Í minnisblaði fyrri starfshóps er tímatöf í innflutningi nefnd sem möguleg ástæða fyrir misræmi en tímatöf getur valdið skekkju þegar borin eru saman ákveðin tímabil. Greiningin leiddi einnig í ljós dæmi þar sem misræmi dróst saman þegar ár voru tekin saman (þ.e. gögn tveggja ára voru lögð saman) og gæti því ástæðan legið í tímatöf, þ.e. að sending hafi verið skráð beggja vegna við áramót. Dæmi þess efnis var einkum að finna í yfirferð á gögnum í 2. kafla.

4.5 Ólík túlkun samræmdrar tollskrár

Ólík tollframkvæmd milli ríkja getur valdið misræmi í hagtölum. Nýlegt dæmi um slíkt er yfirstandandi ágreiningur um tollflokun á mjólkurosti með viðbættri jurtaolíu. Ósamræmi hefur verið í niðurstöðum tollflokunarmála á Íslandi og hjá ESB við tollflokun á vörum sem innihalda blöndu af dýramjólkur- og jurtaafurðum (mozzarella með viðbættri pálmaolíu og sterkju). Ágreiningurinn snýr að því hvort þessar vörur tollflokkest í eftirfarandi kafla:

4. kafla: Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a. Nánar tiltekið í vörulið 0406, skv. íslensku tollskránni er lagður á almennur 30% verðtollur og magntollur á bilinu 243-832 kr./kg.

19. kafla: Framleiðsla úr korni, fínmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk; sætabrauð. Nánar tiltekið í undirlið 1901.90. Hvorki er lagður á almennur verðtollur né magntollur í kr./kg á vörur sem tollflokkast í tilvitnaðan undirlið skv. íslensku tollskránni.

21. kafla: Ýmis matvælaframleiðsla. Nánar tiltekið í tollskrárnúmer 2106.9099. Hvorki er lagður á almennur verðtollur né magntollur í kr./kg á vörur sem tollflokkast í tilvitnað tollskrárnúmer skv. íslensku tollskránni.

Mál vegna tollflokunar á mjólkurosti að viðbættri jurtaolíu hefur fengið úrlausn hjá tollgæslustjóra, yfirséðanefnd og íslenskum dómstólum. Niðurstaða stjórnarsýsluúrskurða og dómstóla héraðs hefur verið að tollflokka beri mjólkurosta með viðbættri jurtaolíu í vörulið 0406. Evrópusambandið hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að tollflokka beri sömu vöru í vörulið 2106.

Vegna ósamræmis í niðurstöðu tollflokunarmála á Íslandi og Evrópusambandinu ákvað Evrópusambandið að vísa málinu til tollflokunarráðs Alþjóðatollastofnunarinnar. Málið var tekið fyrir 22. mars 2023 þar sem niðurstaðan varð að mjólkurostur með viðbættri jurtaolíu tollflokkast í vörulið 2106, nánar tiltekið í undirlið 2106.90. Við atkvæðagreiðslu málsins greiddu 10 aðildarríki atkvæði með því að varan tollflokkaðist í vörulið 0406 en 22 aðildarríki að varan færi í vörulið 2106. Enda þótt tilgangur ákvarðana tollflokunarráðs Alþjóðatollastofnunarinnar sé að stuðla að samræmdri tollflokun eru ákvarðanir ráðsins ekki skuldbindandi fyrir aðildarríki og hefur ákvörðunin því ekki áhrif á niðurstöðu íslenskra dómstóla.

Í ljósi þessa máls skoðaði starfshópurinn einnig gögn um innflutning á vörum í 21. kafla í því skyni að útskýra misræmi í vörulið 0406. En þar sem gagnasöfnin sem notuð eru í greiningunni miða við sex stafa samanburðarhæf númer var ekki hægt að bera saman útflutningsgögn ESB og innflutningsgögn Íslands fyrir jurtaost eða íslenska tollskrárnúmerið 2106.9068 og sambærilegt númer hjá ESB.

5. Tillögur til úrbóta

Það er hverju þjóðfélagi mikilvægt að hagtölur séu sem réttastar. Hagtölur veita okkur innsýn í efnahagslega stöðu ríkja, samsetningu hagkerfa og þau viðskipti sem eiga sér stað í þeim á hverjum tíma. Mynda þær grunn að ákvarðanatöku og nýttast jafnt stjórnvöldum, einstaklingum og atvinnulífi við að meta þróun, orsakasambönd og tækifæri. Tölur um viðskipti milli landa eru þar engin undantekning, sér í lagi fyrir lítið eyríki eins og Ísland þar sem utanríkisviðskipti vege þungt bæði í neyslukörfu heimila og aðföngum atvinnulífs.

Eitt meginmarkmið þessarar greiningar er enda að koma með tillögur til að bæta gæði tollskýrslugerðar og eftirfylgni tollafgreiðslu á Íslandi. Með því má draga úr því misræmi sem hefur verið milli gagna Íslands um innflutning frá ESB og gagna ESB um útflutning til Íslands, að því gefnu að orsök misræmis sé innlend en svo er ekki alltaf. Misræmið er ekki alltaf í okkar höndum. Mikilvægur fyrirvari við slíka vinnu er að ómögulegt er að útrýma öllu misræmi milli ríkjanna, til þess eru utanríkisviðskipti of margbrotin. Ómögulegt er að girða fyrir marga þá þætti sem valdið geta misræmi og fjallað var um í 4. kafla og er það aldrei svo að út- og innflutningur milli ríkja stemmi að öllu leyti. Þeim tillögum sem hér fylgja er ætlað að draga úr því misræmi sem finna má milli Íslands og ESB og er á valdi Íslendinga að draga úr.

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi tillögur til úrbóta:

- Að Skatturinn fylgist sérstaklega með þeim númerum þar sem mesti mismunur yfir tímabilið kom í ljós við samanburð gagna.
 - Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi undirliðum í 2. kafla, 020714 (fryst kjúklingakjöt, í sneiðum og hlutar), 020713 (kjúklingakjöt, nýtt eða kælt, í sneiðum og hlutar) og svo í 16. kafla númerið 160232 (unnið kjúklingakjöt, fryst).
 - Í 4. kafla, undir vörulið 0406 (ostur og ystingur), eru það undirliðir 040610 (skyr og annar nýr ostur), 040630 (fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn) og 040690 (annar ostur), og í vörulið 0402 (mjólk og rjómi), undirliður 040299.
- Kannaðir verði möguleikar þess að Skattinum verði gert kleift að nálgast innflytjendur og útflytjendur óformlega í uppbyggilegum tilgangi til að bæta gæði og skil tollskýrslna. Við núverandi lagaumhverfi er t.a.m. lítið svigrúm fyrir tollyfirvöld til að kalla eftir gögnum frá innflytjanda eftir að tollafgreiðsla hefur farið fram án þess að hefja með því endurskoðunarmál.
- Kannaður verði fýsileiki þess að bæta gagnaöflun um umflutning (transit) til landsins. Skráning umflutnings væri til þess fallin að varpa ljósi á misræmi í gögnum tollyfirvalda en hefði enga gjaldalega þýðingu þar sem endanlegur ákvörðunarstaður er ekki hérlendis. Vega þyrfti ábatann af bættum hagtölum

saman við þann kostnað sem slík breyting fæli í sér, bæði fyrir töllyfirvöld og atvinnulíf.

- Kannaðir verði möguleikar á að gera sérstaka gagnaskiptasamninga við helstu viðskiptalönd Íslands með það að markmiði að heimila töllyfirvöldum reglubundin gagnaskipti á upplýsingum úr inn- og útflutningsskýrslum sem nýtt verða til samanburðar á gögnum.
- Að tryggja áframhaldandi framþróun stafrænna lausna vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum, m.a. á grundvelli tollkvóta. Væri það til þess fallið að auka skilvirkni og bæta utanumhald og afgreiðsluhraða.

Í stjórnsluúttækt Ríkisendurskoðunar²⁷ á tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða sem gefin var út í febrúar 2022 eru lagðar fram tillögur til úrbóta. Þar er m.a. lagt til að auka megi skilvirkni og sjálfvirkni í tölvukerfum Skattsins og að setja verði gæði gagna í forgang. Starfshópurinn tekur undir þessar tillögur og aðrar tillögur Ríkisendurskoðunar. Ekki er talin ástæða til að telja þær upp hér heldur er vísað í skýrsluna.

²⁷ https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022_tollaframkvaemd-landbunadarafurda.pdf

6. Viðaukar

Viðauki 1. Nokkrar þekktar orsakir misræmis í tölum milli landa

Þekktar skýringar geta legið að baki misræmi í innflutningstölum. Eðlilegt er að spurningar vakni þegar misræmi er í innflutningstölum, sér í lagi ef munurinn er mikill. Margar ólíkar skýringar geta legið þar að baki, allt frá mannlegum mistökum, umflutningi eða einfaldlega rangri upplýsingagjöf tollmiðlara eða inn- og útflytjenda. Hér á eftir eru listaðar upp nokkrar hugsanlegar ástæður fyrir því misræmi sem komið hefur í ljós.

1. Misflokkun. Ef vara er flokkuð á ólíkan hátt milli landa, hvort sem ástæðan eru mistök eða ekki, veldur það skekkju þegar verið er að skoða sundurliðuð gögn. Vara getur verið flokkuð á ólíkan hátt í tveimur löndum, annars vegar vegna mistaka, þ.e. óvart er sett rangt tollskrárnúmer, eða sá sem fyllir út skýrsluna veit ekki betur. Hins vegar getur verið sett rangt tollskrárnúmer af ásetningi til að forðast greiðslu aðflutningsgjalda þar sem gjöld eru misjöfn eftir tollskrárnúmerum.

2. Ólík aðferðafræði getur flækt samanburð og valdið misræmi. Greint er á milli tvenns konar grundvallarreglna um vöruflæði, almennra verslunarreglna og sértækra verslunarreglna. Þær gera greinarmun á skráningu vöru sem flutt er í tollvörugeymslu og á frísvæði. Almenna verslunarreglan miðar við að vara sé skráð sem innflutt þegar hún kemur inn í tollvörugeymslu/frísvæði en skv. sértæku verslunarreglunum er varan skráð þegar hún fer úr tollvörugeymslu/frísvæði inn í landið. Á Íslandi er sértæku verslunarreglunum fylgt en þótt því sé eins farið í þeim gögnum sem gefin eru út fyrir ESB-lönd í heild er þar beitt undantekningu. Í gögnum ESB eru tekin með aðvinnslu- og frísvæði þar sem framleiðsla á sér stað og gæti það því skapað misræmi í samanburði við íslenskar hagtölur.

3. Landaflokkun og skilgreiningar geta einnig valdið misræmi í gögnum. Stundum getur ferli vöru á milli landa valdið mismun þegar borin er saman verslun við einstök lönd ef það liggur ekki ljóst fyrir hvaða leið varan fór í raun. Ástæða þess að ferðalag vöru getur verið nokkuð á huldu er sú að vara getur átt leið um mörg lönd á leið sinni á áfangastað. Á þessari leið geta mistök í skráningu átt sér stað og vara verið skráð inn sem innflutningur í land eða útflutningur frá landi þar sem hún átti aðeins leið um. Þekktasta dæmið um slíka skekkju er það sem kallað er Rotterdam-áhrifin, en mikið magn vara frá ýmsum löndum fer um höfnina í Rotterdam og þaðan víðs vegar um heiminn. Veldur það því að oft er vara skráð sem útflutningur frá Hollandi þótt hún eigi einungis leið þar um.

4. Tímatöf í innflutningi getur valdið skekkju þegar borin eru saman ákveðin tímabil. Áramót og mánaðamót geta liðið meðan vara ferðast frá upprunalandi til neyslulands og þannig valdið skekkju í samanburði talna á milli landa. Það sama gildir ef vara er ekki tollafgreidd um leið og hún kemur til landsins eða fer út úr landinu. Vinnubrögð hafa þarna einnig áhrif, en töf á því að inn- og útflytjendur

eða tollmiðlarar sendi inn tollskýrslur, sem ekki er óalgengt, getur valdið því að viðskipti falli inn á ranga mánuði eða ár.

5. Vörur til vinnslu eða óseldar vörur bera ekki söluverð. Slík verslun fær því yfirleitt áætlað verð og verklag við slíka áætlun getur verið misjafnt milli landa. Slíkar vörur geta valdið skekkjum hvað varðar skráningu landa sem upprunaland og endanlegt neysluland vöru.

6. Óvirkum trúnaði er beitt í vöruviðskiptum, þ.e. upplýsingar eru birtar eftir flæði (útflutningur/innflutningur), tollskrárnúmeri og löndum nema viðkomandi fyrirtæki hafi samband við hagstofur og sýni fram á að markaðsstaða þeirra sé í hættu vegna birtingar upplýsinganna. Í mörgum löndum þarf því að draga upplýsingarnar meira saman fyrir birtingu. Þetta hefur áhrif á samanburð talna þegar verið er að skoða mismun niður á einstök númer en á ekki að hafa áhrif þegar heildartölur eru skoðaðar. Í tilfalli Íslands er óvirkur trúnaður aðeins í gildi í útflutningi en gæti verið til staðar í samanburðartölum ESB.

7. Þyngd eða verðmæti. Auðveldara er að bera saman tölur á milli landa eftir þyngd frekar en verðmæti því verðmætissamanburður er flóknari vegna ólíkra gjaldmiðla og vegna þess að útflutningsverðmæti er ólíkt innflutningsverðmæti vegna skilgreininga á því hvar flutningskostnaður er meðtalinn. Hins vegar eru gæði þyngdarupplýsinga almennt ekki eins mikil og verðmætisupplýsinga þar sem meira eftirlit er með verðmætisupplýsingum. Magntollur er á innflutningi á landbúnaðarafurðum þannig að gæði þeirrar breytu eru líkast til meiri en á þeim innflutningi þar sem ekki er magntollur. Hins vegar gætu upplýsingar um magn í þeim útflutningstölum ESB sem notaðar eru til samanburðar verið af minni gæðum.

Viðauki 2. Útflutningur ESB til Íslands, kaflar 2 og 4

	ESB til Íslands											
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
2. og 4. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	953.419	1.685.615	1.562.248	2.178.164	3.115.747	2.918.239	3.319.313	4.616.689	5.040.118	5.102.721	4.441.149	4.839.807
Austurríki	176	109	81	108	54	54	55	26	53	56	78	1
Belgía	45.800	48.500	44.100	10.200	12.501	14.505	19.941	2.836	28.565	4.539	2.889	4.132
Bretland	37.451	90.067	55.329	170.801	67.039	105.344	99.008	541.372	323.758	363.387	446.541	82.118
Búlgaría	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	394	960
Danmörk	480.577	585.335	507.682	507.962	751.361	796.356	1.115.436	1.325.230	1.457.612	1.398.712	1.076.327	1.772.093
Eistland	-	-	-	-	-	-	120	154	20	-	-	-
Finnland	-	50	8	2	1	30	25	1.110	223	-	2	1.001
Frakkland	21.713	20.501	49.177	56.990	48.704	39.984	55.324	52.431	58.453	62.441	11.870	21.768
Grikkland	-	-	-	-	-	-	-	15	-	-	660	19.041
Holland	160.414	459.620	284.882	478.759	644.322	564.640	688.244	887.603	1.340.187	1.447.159	1.451.462	1.047.451
Írland	-	-	904	-	-	-	-	11.986	24.200	25.874	604	2.497
Ítalía	26.151	33.120	59.668	137.054	79.680	69.381	71.667	72.772	92.982	110.399	86.267	178.606
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	1	12	11	1	4
Kýpur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.340
Lettland	-	-	-	-	403	200	-	-	2.001	1	-	-
Litháen	36.012	47.562	23.570	30.975	106.170	85.583	107.900	53.100	36.000	44.434	36	75.445
Lúxemborg	2.441	3.382	2.214	1.060	-	-	-	-	-	-	28	-
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	2	-	-	-	-
Pólland	2.225	3.425	10.619	22.749	56.544	57.272	195.474	151.936	258.415	294.275	352.311	339.015
Rúmenía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Slóvakía	-	-	-	-	-	2.752	-	-	-	-	-	-
Slóvenía	1.302	1.242	1.365	627	614	793	363	493	427	553	622	308
Spánn	50.269	66.894	59.545	91.101	169.032	211.776	184.395	142.086	102.763	54.638	51.112	54.673
Svíþjóð	17.043	8.824	14.644	17.706	47.332	99.402	66.427	31.115	68.726	30.207	27.773	26.662
Tékkland	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ungverjaland	1.025	2.032	3.083	-	261	2.164	9.748	9.435	32.984	10.070	5.922	-
Þýskaland	70.816	314.952	445.377	652.070	1.131.729	868.003	705.186	1.332.986	1.212.737	1.255.965	926.250	1.211.692

Viðauki 3. Innflutningur Íslands frá ESB, kaflar 2 og 4

	Ísland frá ESB											
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
2. og 4. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	958.600	1.744.100	1.492.700	2.243.000	3.160.200	3.126.800	3.601.200	4.972.300	4.176.300	4.831.700	3.973.300	4.445.900
Austurríki	400	500	900	2.800	1.700	3.000	1.700	2.400	10.400	3.200	300	10.900
Belgía	700	700	5.300	16.400	6.200	7.600	7.400	10.300	13.300	16.200	19.800	37.000
Bretland	5.500	12.600	12.500	115.800	60.200	109.000	68.100	280.900	183.500	225.500	221.600	81.800
Búlgaría	100	200	300	700	500	900	100	-	-	8.400	1.400	4.300
Danmörk	494.900	616.800	386.600	418.100	742.600	847.400	1.347.500	1.685.300	1.475.200	1.936.900	1.541.200	1.704.100
Eistland	-	-	-	-	-	-	300	1.100	200	-	100	300
Finnland	-	-	-	-	-	1.000	-	300	2.500	2.500	12.700	16.000
Frakkland	20.800	24.700	70.200	65.200	93.600	85.300	121.800	220.100	239.800	210.100	187.900	241.000
Grikkland	400	300	200	400	600	700	2.000	81.300	85.200	95.600	103.800	68.300
Holland	110.300	287.100	90.400	88.000	114.300	189.900	169.000	217.500	160.100	212.000	230.500	318.900
Írland	-	-	400	-	3.000	4.400	1.900	32.600	44.100	37.400	5.400	11.100
Ítalía	47.900	49.800	79.500	154.000	95.600	91.200	106.600	151.200	160.700	172.600	179.900	216.500
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Kýpur	-	-	-	3.200	1.800	2.700	4.500	5.400	6.900	10.900	11.400	10.100
Lettland	300	-	-	-	300	-	-	-	2.000	-	-	-
Litháen	17.400	55.800	27.600	33.600	79.100	104.200	95.800	67.000	72.000	87.300	15.200	62.000
Lúxemborg	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Pólland	17.100	3.500	7.600	14.700	44.700	119.600	77.000	178.000	191.600	157.400	292.000	268.700
Rúmenía	-	-	-	-	-	-	-	-	2.400	-	-	-
Slóvakía	-	-	-	-	-	-	-	-	1.000	-	100	-
Slóvenía	1.300	1.800	1.700	1.100	1.500	900	700	-	600	800	500	200
Spánn	73.000	106.400	86.500	138.600	272.500	281.600	180.600	192.000	141.100	73.500	69.700	76.300
Svíþjóð	17.600	15.100	14.900	15.800	17.300	21.400	66.300	34.700	38.000	26.900	20.600	14.300
Tékkland	-	-	-	-	-	3.100	-	-	-	-	-	-
Ungverjaland	1.400	200	-	-	2.000	1.100	6.800	-	1.600	1.500	100	5.000
Þýskaland	149.500	568.600	708.100	1.174.600	1.622.700	1.251.800	1.343.100	1.812.200	1.344.100	1.553.000	1.059.100	1.299.100

Viðauki 4. Mismunur ESB og Íslands (ESB-IS), kaflar 2 og 4

	Mismunur ESB mínus IS												
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	
2. og 4. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	- 5.181	- 58.485	69.548	- 64.836	- 44.453	- 208.561	- 281.887	- 355.611	863.818	271.021	467.849	393.907	
Austurríki	- 224	- 391	819	- 2.692	- 1.646	- 2.946	- 1.645	- 2.374	- 10.347	- 3.144	- 222	- 10.899	
Belgía	45.100	47.800	38.800	- 6.200	6.301	6.905	12.541	- 7.464	15.265	- 11.661	- 16.911	- 32.868	
Bretland	31.951	77.467	42.829	55.001	6.839	- 3.656	30.908	260.472	140.258	137.887	224.941	318	
Búlgaría	- 100	- 200	300	- 700	- 500	- 900	- 100	-	-	- 8.400	- 1.006	- 3.340	
Danmörk	- 14.323	- 31.465	121.082	89.862	8.761	- 51.044	- 232.064	- 360.070	- 17.588	- 538.188	- 464.873	67.993	
Eistland	-	-	-	-	-	-	- 180	- 946	- 180	-	- 100	- 300	
Finnland	-	50	8	2	1	970	25	810	- 2.277	- 2.500	- 12.698	- 14.999	
Frakkland	913	- 4.199	- 21.023	- 8.210	- 44.896	- 45.316	- 66.476	- 167.669	- 181.347	- 147.659	- 176.030	- 219.232	
Grikkland	- 400	- 300	- 200	- 400	- 600	- 700	- 2.000	- 81.285	- 85.200	- 95.600	- 103.140	- 49.259	
Holland	50.114	172.520	194.482	390.759	530.022	374.740	519.244	670.103	1.180.087	1.235.159	1.220.962	728.551	
Írland	-	-	504	-	3.000	- 4.400	- 1.900	- 20.614	- 19.900	- 11.526	- 4.796	- 8.603	
Ítalía	- 21.749	- 16.680	- 19.832	- 16.946	- 15.920	- 21.819	- 34.933	- 78.428	- 67.718	- 62.201	- 93.633	- 37.894	
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	1	12	11	1	4	
Kýpur	-	-	-	3.200	- 1.800	- 2.700	- 4.500	- 5.400	- 6.900	- 10.900	- 11.400	- 7.760	
Lettland	- 300	-	-	-	103	200	-	-	1	1	-	-	
Litháen	18.612	- 8.238	- 4.030	- 2.625	27.070	- 18.617	12.100	- 13.900	- 36.000	- 42.866	- 15.164	13.445	
Lúxemborg	2.441	3.382	2.214	1.060	-	-	-	-	-	-	28	-	
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	2	-	-	-	-	
Pólland	- 14.875	- 75	3.019	8.049	11.844	- 62.328	118.474	- 26.064	66.815	136.875	60.311	70.315	
Rúmería	-	-	-	-	-	-	-	-	2.400	-	-	-	
Slóvakía	-	-	-	-	-	2.752	-	-	- 1.000	-	- 100	-	
Slóvenía	2	- 558	- 335	- 473	- 886	- 107	- 337	493	- 173	- 247	122	108	
Spánn	- 22.731	- 39.506	- 26.955	- 47.499	- 103.468	- 69.824	3.795	- 49.914	- 38.337	- 18.862	- 18.588	- 21.627	
Svíþjóð	- 557	- 6.276	- 256	- 1.906	30.032	78.002	127	- 3.585	30.726	3.307	7.173	12.362	
Tékkland	4	-	-	-	-	3.100	-	-	-	-	-	-	
Ungverjaland	- 375	1.832	3.083	-	- 1.739	1.064	2.948	9.435	31.384	8.570	5.822	- 5.000	
Þýskaland	-78.684	-253.648	-262.723	-522.530	-490.971	-383.797	-637.914	-479.214	-131.363	-297.035	-132.850	-87.408	

Viðauki 5. Útflutningur ESB til Íslands, 2. kafli

	ESB til Íslands												
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	
2. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	437.617	1.070.968	930.284	1.271.864	2.374.173	2.234.894	2.454.625	3.332.976	3.612.177	3.230.649	2.950.667	2.978.240	
Austurríki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Belgía	2.900	700	900	1.400	3.831	1.777	6.064	-	56	-	45	72	
Bretland	3.127	24.585	9.619	20.535	36.824	77.976	79.471	142.084	138.028	122.633	227.588	16.477	
Búlgaría	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Danmörk	306.398	400.241	305.035	268.448	516.938	530.745	815.478	923.715	901.401	737.962	551.111	931.518	
Eistland	-	-	-	-	-	-	120	154	-	-	-	-	
Finnland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2	
Frakkland	1.848	4.751	27.230	23.710	27.469	21.398	48.692	44.441	49.980	53.766	2.891	8.038	
Grikkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Holland	49.820	338.318	160.144	322.678	496.054	438.224	482.628	747.577	1.083.882	908.373	1.068.967	633.324	
Írland	-	-	-	-	-	-	-	11.986	24.200	25.834	104	1.144	
Ítalía	13.005	13.301	31.950	100.723	34.961	19.413	22.752	30.285	26.387	29.253	30.582	42.549	
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	-	2	6	-	-	
Kýpur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Lettland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Litháen	36.005	47.562	23.570	30.973	106.170	85.340	107.900	53.100	36.000	44.200	25	75.080	
Lúxemborg	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Pólland	-	-	-	2.297	22.565	21.641	149.807	94.626	191.423	208.701	230.916	183.356	
Rúmenía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Slóvakía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Slóvenía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Spánn	6.313	9.864	11.920	50.100	115.104	171.008	162.527	109.048	71.538	18.099	20.224	25.927	
Svíþjóð	4.600	458	873	2.919	31.410	85.679	46.204	4.632	39.303	8.088	12.333	16.278	
Tékkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
Ungverjaland	-	-	-	-	-	-	-	9	24.000	-	-	-	
Þýskaland	13.601	231.188	359.043	448.081	982.847	781.693	532.982	1.171.319	1.025.977	1.073.734	805.879	1.044.477	

Viðauki 6. Innflutningur Íslands frá ESB, 2. kafli

	Ísland frá ESB											
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
2. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	575.700	1.346.000	1.064.800	1.570.700	2.598.000	2.592.300	2.929.100	3.768.700	3.009.200	3.603.400	2.835.200	3.097.700
Austurríki	-	200	-	-	-	-	-	-	8.200	2.900	300	7.600
Belgía	700	700	400	11.200	-	2.700	-	-	2.000	-	-	300
Bretland	900	9.500	2.400	8.600	34.600	79.000	37.900	100.000	24.400	75.700	80.500	7.300
Búlgaría	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8.400	-	-
Danmörk	359.500	493.900	253.400	269.100	583.200	685.800	1.149.100	1.373.400	1.186.200	1.613.100	1.299.500	1.295.900
Eistland	-	-	-	-	-	-	300	1.100	100	-	100	300
Finnland	-	-	-	-	-	1.000	-	300	2.500	2.500	12.700	16.000
Frakkland	9.600	16.300	52.300	43.600	65.100	53.600	78.300	72.900	100.300	93.400	81.400	111.500
Grikkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Holland	38.300	214.100	24.800	39.800	60.300	124.700	102.700	147.900	88.800	124.500	130.700	192.100
Írland	-	-	400	-	1.600	4.400	1.600	30.200	40.200	32.300	1.300	8.100
Ítalía	12.800	13.100	37.000	98.300	34.900	26.700	26.000	40.000	37.900	35.400	41.000	44.000
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Kýpur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Lettland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Litháen	17.400	55.800	27.600	33.600	79.100	103.700	95.800	67.000	72.000	87.300	13.800	61.000
Lúxemborg	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Pólland	15.700	600	1.300	3.800	30.800	100.800	48.600	148.000	157.100	109.000	227.100	180.500
Rúmería	-	-	-	-	-	-	-	-	2.400	-	-	-
Slóvakía	-	-	-	-	-	-	-	-	1.000	-	100	-
Slóvenía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spánn	28.100	49.700	31.100	96.800	231.700	237.900	146.200	140.800	94.900	23.400	27.400	42.000
Svíþjóð	3.800	2.800	900	3.000	1.500	2.500	46.000	5.500	10.100	7.200	9.400	5.600
Tékkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ungverjaland	-	200	-	-	2.000	1.100	6.800	-	800	-	100	5.000
Þýskaland	88.900	489.100	633.200	962.900	1.473.200	1.168.400	1.189.800	1.641.600	1.180.300	1.388.300	909.800	1.120.500

Viðauki 7. Mismunur ESB og Íslands (ESB-IS), 2. kafli

	Mismunur ESB mínus IS											
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
2. kafli	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	- 138.083	- 275.032	- 134.516	- 298.836	- 223.827	- 357.406	- 474.475	- 435.724	- 602.977	- 372.751	- 115.467	- 119.460
Austurríki	-	200	-	-	-	-	-	-	8.200	2.900	300	7.600
Belgía	2.200	-	500	9.800	3.831	923	6.064	-	1.944	-	45	228
Bretland	2.227	15.085	7.219	11.935	2.224	1.024	41.571	42.084	113.628	46.933	147.088	9.177
Búlgaría	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8.400	-	-
Danmörk	- 53.102	- 93.659	51.635	652	66.262	155.055	333.622	449.685	284.799	875.138	748.389	364.382
Eistland	-	-	-	-	-	-	180	946	100	-	100	300
Finnland	-	-	-	-	-	1.000	-	300	2.500	2.500	12.698	16.000
Frakkland	- 7.752	- 11.549	- 25.070	- 19.890	- 37.631	- 32.202	- 29.608	- 28.459	- 50.320	- 39.634	- 78.509	- 103.462
Grikkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Holland	11.520	124.218	135.344	282.878	435.754	313.524	379.928	599.677	995.082	783.873	938.267	441.224
Írland	-	-	400	-	1.600	4.400	1.600	18.214	16.000	6.466	1.196	6.956
Ítalía	205	201	5.050	2.423	61	7.287	3.248	9.715	11.513	6.147	10.418	1.451
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	-	2	6	-	-
Kýpur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Lettland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Litháen	18.605	- 8.238	- 4.030	- 2.627	27.070	- 18.360	12.100	- 13.900	- 36.000	- 43.100	- 13.775	14.080
Lúxemborg	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Malta	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Portúgal	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Pólland	- 15.700	- 600	- 1.300	- 1.503	- 8.235	- 79.159	101.207	- 53.374	34.323	99.701	3.816	2.856
Rúmenía	-	-	-	-	-	-	-	-	2.400	-	-	-
Slóvakía	-	-	-	-	-	-	-	-	1.000	-	100	-
Slóvenía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spánn	- 21.787	- 39.836	- 19.180	- 46.700	- 116.596	- 66.892	16.327	- 31.752	- 23.362	- 5.301	- 7.176	- 16.073
Svíþjóð	800	2.342	27	81	29.910	83.179	204	868	29.203	888	2.933	10.678
Tékkland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ungverjaland	-	200	-	-	2.000	1.100	6.800	9	23.200	-	100	5.000
Þýskaland	- 75.299	- 257.912	- 274.157	- 514.819	- 490.353	- 386.707	- 656.818	- 470.281	- 154.323	- 314.566	- 103.921	- 76.023

Viðauki 8. Útflutningur ESB til Íslands, 4. kafli

4. kafli	ESB til Íslands											
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.	Magn í kg.
Alls	515.802	614.647	631.964	906.300	741.574	683.345	864.688	1.283.713	1.427.941	1.872.072	1.490.482	1.861.567
Austurríki	176	109	81	108	54	54	55	26	53	56	78	1
Belgía	42.900	47.800	43.200	8.800	8.670	12.728	13.877	2.836	28.509	4.539	2.844	4.060
Bretland	34.324	65.482	45.710	150.266	30.215	27.368	19.537	399.288	185.730	240.754	218.953	65.641
Búlgaría	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	394	960
Danmörk	174.179	185.094	202.647	239.514	234.423	265.611	299.958	401.515	556.211	660.750	525.216	840.575
Eistland	-	-	-	-	-	-	-	-	20	-	-	-
Finnland	-	50	8	2	1	30	25	1.110	223	-	-	1.001
Frakkland	19.865	15.750	21.947	33.280	21.235	18.586	6.632	7.990	8.473	8.675	8.979	13.730
Grikkland	-	-	-	-	-	-	-	15	-	-	660	19.041
Holland	110.594	121.302	124.738	156.081	148.268	126.416	205.616	140.026	256.305	538.786	382.495	414.127
Írland	-	-	904	-	-	-	-	-	-	40	500	1.353
Ítalía	13.146	19.819	27.718	36.331	44.719	49.968	48.915	42.487	66.595	81.146	55.685	136.057
Króatía	-	-	-	-	-	-	-	1	10	5	1	4
Kýpur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.340
Lettland	-	-	-	-	403	200	-	-	2.001	1	-	-
Litháen	7	-	-	2	-	243	-	-	-	234	11	365
Lúxemborg	2.441	3.382	2.214	1.060	-	-	-	-	-	-	28	-
